



UN
DP

VERÐUR HEIMURINN BETRI?

FRÓÐLEIKUR UM ÞRÓUNINA Í HEIMINUM

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	4
Frábær tækifæri!.....	7
Hvað er þróun?.....	8
Hvernig heldur þú að heimurinn sé?.....	13
Verður heimurinn betri?.....	19
Framfarir sem þú vissir kannski ekki um.....	30
Áskoranir framundan.....	38
Þúsaldarmarkmiðin.....	50
Leiðin framundan.....	58
Allir geta lagt eitthvað af mörkum til að bæta heiminn!.....	68
Flokkun landa.....	72
Meira um hnattræna þróun.....	78

Þetta fræðslufni er tekið saman að frumkvæði Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP. UNDP starfar í 177 löndum og er hnattrænt tengslanet um þróun lífskjara. Við tengjum saman lönd með þekkingu, reynslu og fjármagni til að aðstoða fólk við að bæta líf sitt. UNDP samræmir einnig starfið að þúsaldarmarkmiðunum. Á vefnum www.undp.se og www.millenniemailen.nu er að finna frekari upplýsingar. Fyrsta útgáfa bókarinnar *Verður heimurinn betri?* kom út árið 2005. Þetta er fimmta útgáfan og er hún uppfærð og endurskoðuð. Staffan Landin (starfsmaður hjá UNDP á árunum 2001-2005) er aðalhöfundur bókarinnar í samstarfi við Norðurlandaskrifstofu UNDP. Staffan starfar nú sjálfstætt sem fyrirlesari og höfundur með megináherslu á þróunarmál og hægt er að hafa samband við hann gegnum vefsíðu hans: www.staffan.landin.com. Útgáfa bókarinnar *Verður heimurinn betri?* hefur notið stuðnings SIDA, Þróunarsamvinnustofnunar Svíþjóðar og íslensk útgáfa bókarinnar hlaut samfélagsstyrk frá Landsbanka Íslands árið 2013.



VERÐUR HEIMURINN BETRI?

Fróðleikur um þróun í heiminum

Copyright/Höfundarréttur: Þróunaráætlun Sp, UNDP

Texti: Staffan Landin og Norðurlandaskrifstofa UNDP

Íslensk þýðing: Salvör Aradóttir

Útlit þessarar útgáfu: m a o Malin Engman AB

Myndir: UN/Photo

Kápa: UN/Photo: M Wild

Þrentun: Sörmlands Grafiska AB, Katrineholm, 2012. Upplaga: 12 000.

UNDP, Drottningatan 33, 111 51 Stockholm. Telefon: 08-545 232 50



»Heimurinn stendur á krossgötum. Nú verðum við öll – ráðherrar og ráðamenn, atvinnulíf, borgaralegt samfélag og unga fólk – að taka höndum saman um að breyta efnahagskerfunum á þann veg að samfélög okkar hvíli á réttlátari og sanngjarnari grunni. Um leið verðum við að vernda auðlindir og vistkerfi sem sameiginleg framtíð byggist á.«

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Formáli

með íslensku útgáfunni

Veröldin tekur stöðugum breytingum. Fjölmíðlar flytja okkur að sönnu stöðugt fréttir af óáran og hörmungum víðs vegar um heiminn, sem gefa jafnvel til kynna að heimurinn sé að versna. En það þarf ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að sjá miklar framfarir, ekki síst í fátækum ríkjum. Meðalaldur hækkar, tekjur aukast, fleiri börn ganga í skóla, færri konur og börn deyja, og áttaksvæðum fækkar. Þrátt fyrir að aldrei í sögunni hafi verið hægt að nálgast upplýsingar með auðveldari hætti berast þessar jákvæðu fréttir af framförum og umbótum aðeins til fárra – og því miður í fæstum tilvikum til unga fólksins, kynslóðarinnar sem fær það verkefni í fangið að útrýma fátækt í heiminum.

Könnun sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands lét gera um þróunarfræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi leiddi í ljós að sú fræðsla er bæði takmörkuð og ómarkviss. Kennarar töldu eina megin skýringuna vera skort á vönduðu námsefni með nýjum upplýsingum. Það eru ríkir hagsmunir

Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að unga kynslóðin á Íslandi hafi aðgang að góðu námsefni um þróunarmál og til þess að bæta úr brýnni þörf var skimað eftir ákjósanlegum námsbókum í nágrannalöndum okkar. Staðnæmst var við bókina „Blir vörlden bättre“ sem bæði Kennarasamband Íslands og Námsgagnastofnun töldu einkar vel við hæfi að fá þýdda fyrir íslenska nemendur. Mikil og góð reynsla er af bókinni í Svíþjóð og hún talar á auðskiljanlegan upplýsandi og jákvæðan hátt til nemenda um þróun í veröldinni, vekur upp spurningar og umræður og vísar í staðreyndir og nýja tölfræði.

Ég er afskaplega þakklátur UNDP í Svíþjóð fyrir að gefa okkur kost á því að þýða bókina og koma henni á framfæri við íslensk ungmenni – sannfærður um að gildi hennar til að fræða og ræða.

Engilbert Guðmundsson,
Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Formáli

með sænsku útgáfunni

Frá því að Verður heimurinn betri? kom fyrst út í Svíþjóð árið 2005, hafa tugþúsundir lesið bókina og notað, ungir sem aldnir, í skólum, félagasamtökum og námshópum. Við höfum fengið mikið af jákvæðum viðbrögðum og athugasemdum, sem lúta ekki síst að þeirri staðreynd að í rauninni er ástandið í heiminum alls ekki eins hörmulegt og ætla mætti.

Því að þótt fréttir af blóðugum uppreisnum, hungursneyð og umhverfisspjöllum flæði yfir okkur daglega, fyrirfinnast margir góðir kraftar sem leitast við að rjúfa vítahringina og gera heiminn að lífvænlegri stað fyrir mannfólkið. Aldrei fyrr hafa jafn mörg börn hafið skólagöngu, ævilíkur aukast næstum hvarvetna í heiminum og í æ fleiri löndum fara fram lýðræðislegar kosningar.

Um leið sjáum við þó hvernig bilið eykst, bæði milli landa og innanlands, og hvernig hnattræn samkeppni gerir æ hardari kröfur til fólks og samfélaga.

Í Verður heimurinn betri? höfum við tekið saman fróðleik og staðtölur sem máli skipta, um leið og við leitumst við að kynna þróunarmál í heiminum á auðskilinn og yfirgrípsmikinn hátt.

Í þessari endurskoðuðu útgáfu er einnig gerð grein fyrir áhrifum hagkerfa heimsins og farið í saumana á því hvernig hægt er að mæla framfarir og lífskjarapróun. Nú nálgast árið 2015, en þá á hinum átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að vera náð, og því fjallar bókin einnig um þróunarmarkmið næstu kynslóðar.


Bókinni fylgir nú einnig vefhluti (www.millenniemaalen.nu) en þar er að finna námsefni og verkefni fyrir skóla. Um þetta höfum við hafið samstarf við alþjóðlegt, veflægt tengslanet, Den Globala skolan, u.þ.b. 10.000 kennara sem búa yfir mikilli reynslu.

Þótt við leggjum upp með beina og býsna einfalda spurningu – Verður heimurinn betri? – er það von okkar að bókin vekji fleiri spurningar og umræðu um heiminn og framtíðina sem við eigum öll saman.

Góðan lestur!

Camilla Brückner,

Framkvæmdastjóri Norðurlandaskrifstofu
Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP.



Ljósmynd: UN/Photo: Shehzad Noorani



Foto: UNDP Sierra Leone



Umaro kennir öðrum fötluðum að smíða og gera við skó. Draumurinn er að stofna verksmíðju sem skapar fleiri störf.

Umaru Kargbo sem lamaðist þegar hann var 10 ára getur nú séð sjálfum sér og fjölskyldu sinni farborða vegna starfsmenntunar. Hér er hann með syni sínum Mohammed.



Frábær tækifæri!

Frá betlara til skósmiðs – nú hefur K-man öðlast trú á framtíðina.

Umaru Kargbo, oftast kallaður K-man, er lifandi sönnun þess að með einbeittum vilja, dugnaði og réttri aðstoð er hægt að brjótast úr fátæktinni. Það eru ekki nema þrjú ár síðan hann bjó á götunni og framfleytti sér með betli, í dag á hann sitt eigið verkstæði þar sem hann smíðar og gerir við skó.

Umaru býr í borginni Makeni, í norðurhluta Sierra Leóne, u.þ.b. 200 km frá höfuðborginni Freetown. Sierra Leóne er eitt fátækasta land heimsins og þar ríkti blóðug borgarastyrjöld allan 10. áratuginn. Fátækt og óréttlæti voru meðal orsaka stríðsins, og atvinnuleysi, einkum meðal ungs fólks, er enn mikið vandamál. Talið er að meðal ungs fólks séu 800.000 atvinnulausir, í landi þar sem heildaríbúafjöldinn eru rúmar fimm milljónir.

Vandinn er enn meiri fyrir þá sem búa við einhvers konar fötlun, eins og K-man. Hann fékk lömunarveiki þegar hann var tíu ára og lamaðist í fótleggjunum. Það varð fjótlega ljóst að hann myndi eiga erfitt með að sjá sér farborða og eina ráðið sem hann fékk var að byrja að betla.

„En ég vildi verja lífinu í eitthvað betra“ segir Umaru og segir frá því hvernig verkefni á vegum Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna gaf honum kost á starfsmenntun. „Ég komst í læri hjá skósmið.

Verkefnið útvegaði mér efni og áhöld, lím, leður, saum og hamar. Ég fékk líka svolitla peninga svo ég gat séð fyrir mér sjálfur“.

Umaru var heppinn. Þótt þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafi átt þátt í að bjarga milljónum manna úr fátækt, sýna rannsóknir að enn er langt í land, einkum fyrir fólkið í heiminum sem býr við erfiðustu kjörin, fólk sem býr í löndum sem eru hrjád af stríði og náttúruhamförum og fólk sem sætir mismunun vegna kyns, aldurs, fötlunar eða uppruna. Þrátt fyrir allar framfarirnar sjáum við nefnilega hvernig bilið stækkar, bæði milli landa og innan þeirra. Því þarf að leggja allt kapp á að auka jöfnuð og félagslegt réttlæti, ekki síst af því að við vitum að heimur þar sem ójöfnuður ríkir er einnig hættulegur heimur.

K-man greip tækifærið sem honum bauðst og í dag er líf hans gerbreytt. Hann er orðinn útlærður skósmiður og hefur komið sér upp eigin verkstæði og starfar nú við að kenna öðrum fötludum iðnina. Hann dreymir um að koma á fót verksmiðju og skapa þannig enn fleiri störf.

Hann er líka búinn að stofna fjölskyldu . . „Venjulega vinn ég mér inn 7 dali á dag, á góðum degi eru tekjurnar hærri og nú get ég séð fyrir fjölskyldu minni. Í dag er ég stoltur og ánægður og leyfi mér að eiga framtíðardrauma.“

Hvað er þróun?

Hvernig er hægt að mæla þróun? Flestir bílar á mann, best menntaða unga fólkið, hæst þjóðarframleiðsla á íbúa eða kannski sterkasti ríkissjóðurinn?

Til að geta svarað spurningunni hvort heimurinn fari batnandi verður að byrja á því að skilgreina hvað það er sem á að batna. Hvort er mikilvægara að draga úr fátækt eða að auka menntun? Að stríðum fækki eða að skipting auðlinda jarðarinnar verði réttlátari?

Vandinn er sá, að það er ekki til nein hlutlæg skilgreining á þróun sem á við allt fólk og öll lönd. Sumir álíta að hagvöxtur sé besti mælikvarðinn á þróun en aðrir telja að peningar geti þegar best lætur verið verkfæri til að greiða fyrir það sem raunverulega skiptir mestu máli í lífinu.

Þó er ljóst að til eru algildar grunnþarfir sem allir hafa, hvar sem þeir búa og hversu fjáðir þeir eru. Allir þurfa á mat, vatni og húsnæði að halda. Ef við veikjumst þurfum við læknishjálp og kannski lyf, og við vitum líka að menntun skapar bæði börnum og fullorðnum aukin tækifæri í lífinu. Án vinnu og þökkalegra launa veitist líka erfitt að uppfylla grunnþarfirnar.

Samkvæmt Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP, felst þróun í mörgum ólíkum þáttum.

Því hefur UNDP þróað hugtakið „þróun lífsskjara“ (e: Human Development) sem lýsa má sem „möguleikum fólks til að lifa mannsæmandi lífi“. Mikilvægur þáttur þess er að fólk geti sjálft valið um inntak eigin lífs. Ein af forsendum þess er til dæmis ákveðið stig frelsis og lýðræðis.

UNDP hefur frá 1990 gefið út árlega skýrslu – Human Development Report – um þróun lífsskjara en þar eru nýjar staðtölur nýttar við samanburð á lífsskjaraþróun í öllum löndum heims. Í stað þess að mæla einungis tekjur á hvern íbúa eru menntunarstig og ævilíkur líka tekin með í reikninginn. Mælikvarðinn er kallaður vísitala lífsskjaraþróunar (e: Human Development Index, HDI) og er til þess gerður að ná fram skarpari mælingu á þróun. Þegar löndum er raðað eftir þessari vísitölu kemur berlega í ljós að þróun snýst ekki bara um tekjur og efnahag.



VÍSITALA LÍFSKJARAÞRÓUNAR

Vísitala lífskjarapróunar (e: Human Development Index, HDI) mælir þróun lífskjara í tilteknu landi út frá ævilikum íbúanna við fæðingu, menntunartígi (þar er átt við skólagöngu og læsi fullorðinna) og velmegun (mælt í vergum þjóðartekjum á íbúa). Á grundvelli þessara þriggja þátta er reiknað út gildi fyrir hvert land sem svo er hægt að bera saman við önnur lönd og milli ólíkra tíma til að sjá hvort þróunarstig í landinu fari hækkandi eða lækkandi.

FIMM EFSTU LÖNDIN SAMKVÆMT VÍSITÖLU ÁRSINS 2012:

Noregur
Ástralía
Bandaríkin
Holland
Þýskaland

FIMM NEÐSTU LÖNDIN SAMKVÆMT VÍSITÖLU ÁRSINS 2012:

Níger
Austur-Kongó
Mósambík
Tsjad
Burkinó Fasó

Heimild: Human Development Report 2012

Þó að tiltekið land ráði yfir miklu fé er það ekki trygging fyrir því að heilbrigðisástand og menntunarstig sé jafn gott. Vísitalan og skýrslurnar hafa því átt þátt í að breikka umræðuna um þróunarmál.

SUMA HLUTI ER TORVELT AÐ MÆLA

Niðurstöðurnar í þessari bók byggjast á mælanlegum atriðum á borð við meðalævilengd, tekjustig og skólagöngu. Aðra þætti, sem einnig skipta miklu fyrir farsælt líf, er þó erfiðara að mæla. Þetta á meðal annars við um lýðræði, frelsi og mannréttindi. Það er til dæmis erfitt að finna einhlít tölfræðileg vensl sem sýna að auknu lýðræði fylgi ætíð aukin þróun. Framfarir og afturför í þróun lífskjara eiga sér stað bæði í lýðræðis- og einræðisríkjum.

Mannréttindi, lýðræði og menningarlegt og einstaklingsbundið frelsi eru þó og verða mikilvæg markmið í sjálfum sér – algjörlega nauðsynleg til þess að fólk geti lifað lífinu eins og það sjálft kys. Það stendur óhaggað þótt sýna megi fram á að því fylgi einnig efnahagsleg þróun.

FÉLAGSLEGT ÓRÉTTLÆTI HAMLAR ÞRÓUN

Undanfarið hefur verið bent á félagslegt óréttlæti sem helstu hindrun á vegi lífskjara-þróunar og til eru rannsóknir sem sýna að aukinn jöfnuður sé öllum í hag, ríkum jafnt sem fátækum. Gini-stuðullinn, sem mælir tekjudreifingu, leiðir meðal annars í ljós að samfélag þar sem félagsleg misskipting er mikil er einnig líklegt til að vera ofbeldisfullra.

Áður var erfitt að nálgast öruggar staðtölur sem sýna hvernig tekjur og þjónusta dreifast

innan tiltekinna landa. En með auknu aðgengi að gögnum sjáum við að æ fleiri vísindamenn beina athygli að vandamálum sem fylgja ójöfnuði. Undanfarin ár hefur ársskýrsla Sameinuðu þjóðanna um þróun lífskjara til dæmis kynnt vísitölu lífskjaraþróunar þar sem misskipting og ójöfnuður eru tekin með í reikninginn (Inequality-adjusted Human Development Index). Samkvæmt þessari vísitölu eru Svíþjóð og Norðurlöndin almennt meðal þeirra landa.

Fyrir nokkrum árum sýndu breskir vísindamenn fram á að hinir ríku tapa líka á of miklum ójöfnuði. Rannsóknin, sem byggist á umfangsmiklum talnagögnum frá 21 landi, er kynnt í bókinni *The Spirit Level* sem vakið hefur mikla athygli, en þar er því lýst hvernig heilsufar hinna ríku er verra og ævilíkur skemmri í samfélögum þar sem ójöfnuður ríkir.

UMRÆÐUEFNI: HVAÐ ER ÞRÓUN?

- Hvernig finnst þér að mæla eigi þróunarstig tiltekins lands?
Er yfirleitt hægt að mæla þróun?
- Skiptir máli hvort allir hafi kosningarétt ef ekki er til fjármagn til menntamála, heilsugæslu eða jafnvel fyrir matvælum.
- Er frelsi á borð við félagafrelsi og málfrelsi mikilvægt fyrir þróun lands?
Hvers vegna?
- Hvað er mikilvægast: efnahagsleg þróun, heilbrigði eða mannréttindi?
- Hefur umhverfi og vistkerfi áhrif á vellíðan manna? Hvernig?

»Þó að tiltekið land ráði yfir miklu fé er það ekki trygging fyrir því að heilbrigðisástand og menntunarstig sé jafn gott.«

MUNURINN Á VÍSITÖLU LÍFSKJARAÞRÓUNAR (VLK) OG VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM (VÞT)

LÖND MEÐ HÆRRA VLK EN VÞT	STAÐSETNING Á LISTA SAMKV. VLK	STAÐSETNING Á LISTA SAMKV. VÞT
Ástralía	2	18
Nýja-Sjáland	5	35
Kúba	51	103
Grenada	67	97
Georgía	75	111
Madagaskar	151	177

Kúba er númer 103 á lista yfir ríku löndin (187) en samkvæmt VLK er Kúba í 51. sæti.

LÖND MEÐ HÆRRA VÞT EN VLK	STAÐSETNING Á LISTA SAMKV. VÞT	STAÐSETNING Á LISTA SKV. VLK
Katar	1	37
Lúxemborg	5	25
Óman	39	89
Miðbaugs Gínea	45	136
Botsvana	62	118
Angóla	110	148

Katar er ríkasta land í heimi en er bara númer 37 á lista samkvæmt VÞT

Ekki er alltaf augljóst samband milli efnahagsþróunar (háar VÞT) og lífskjaráþróunar (VLK). Lönd sem hafa lágur þjódartekjur en leggja áherslu á menntun og heilbrigðiskerfi eru oft hærra á listanum yfir lífskjaráþróun. Í sumum „ríku“ landanna nær velsældin ekki til allra í landinu. Þróun er spurning um pólitíska forgangsröðun.

Heimild: Human Development Report 2011



Ljósmynd: UN/Photo: Martine Perret



Hvernig heldur þú að heimurinn sé?

Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir hugtök eins og hnattræn þróun, barátta gegn fátækt eða Afríka sunnan Sahara?

Kannski sérð þú fyrir þér fólk frá ýmsum heimshlutum, gláðvær börn í skólabúningum eða sveltandi mannfjölda í fjarlægum flóttamannabúðum? Þú hugsar kannski um vaxandi stórborgir með nútímalegum háhýsum og þungri umferð, ört stækkandi fátækrahverfi eða iðandi markaðstorg.

Þér verður kannski hugsað til mótmælenda sem er hrundið tilbaka af táragsi og hermönnum í brynvörðum vögnum, eða örvinglaðs fólks á flóttu undan stríði eða hamförum. Heimsmynd okkar býr yfir fjölda mynda og hugsana sem eru sprotnar af eigin reynslu, úr fjölmiðlum eða ef til vill af einhverju sem við lásum einhvern tíma í kennslubók.

En hvað veistu í raun og veru um það hvernig heimurinn lítur út í dag?

LEGGÐU FYRIR ÞIG PRÓF

– hvað veist þú um heiminn?

1. Hvar býr flest fátækt fólk,

á Indlandi eða í Afríku?

2. Hversu stór hluti íbúa heimsins lifir í örbirgð (hefur minna en 1,25 dal á dag til að lifa á)?

- a) Um 20 prósent
- b) Um 40 prósent
- c) Um 80 prósent

3. Í hvoru landinu er barnadauði meiri?

- a) Í Eistlandi eða Singapúr
- b) Í Tyrklandi eða Malasíu
- c) Í Serbíu eða Bandaríkjunum

4. Hversu stór hluti barna heimsins gengur í skóla?

- a) 50 prósent
- b) 70 prósent
- c) 90 prósent

5. Hverjar eru ævilíkur í heiminum?

- a) Um 50 ár
- b) Um 60 ár
- c) Um 70 ár

6. Hversu stórt hlutfall þingmanna í heiminum eru konur?

- a) Um 10 prósent
- b) Um 20 prósent
- c) Um 40 prósent

7. Hversu stór hluti íbúa heimsins hefur aðgang að hreinu vatni?

- a) Næstum 50 prósent
- b) Næstum 70 prósent
- c) Næstum 90 prósent

1. A Indlandi byr flest fátækt fólk. Samkvæmt nýjasta mati Alþjóðabankans frá árinu 2010 lífa um 400 milljónir manna á Indlandi í örþirgð (þ.e. lífa á minna en 1,25 dal á dag). Í Afríku sunnan Sahara lífa 386 milljónir í örþirgð.

2. Samkvæmt nýjustu tölum Alþjóðabankans frá árinu 2008 hefur hlutfall þeirra sem lífa í örþirgð í heiminum lækkað úr 43 prósentum árið 1990 í 22 prósent árið 2008. Það þýðir að í dag lífa 1,3 milljarðar manna í örþirgð.

3. Í Eistlandi er dánartíðni barna tvöfalt hærrí en í Singapur. Í Tyrklandi er dánartíðni barna næstum þrefalt hærrí en í Malasíu. Í Bandaríkjunum er dánartíðni barna talsvert hærrí en í Serbíu.

4. Í dag ganga níu af hverjum tíu börnum í heiminum í skóla. Það er hærra hlutfall en nokkurn tíma áður. En samt eru 70 milljónir barna sem ekki eiga kost á að ganga í skóla.

5. Meðalævilengd í heiminum árið 2010 var 70 ár – og hún fer hækkanði. Mikill munur er þó milli heimshluta. Í Svíþjóð er meðalævilengd 81,5 ár, en í Afríku sunnan Sahara er hún ekki nema 54 ár.

6. Þótt þokast hafi í rétta átt eru ekki nema 19 prósent þingmanna í heiminum konur. 7. Næstum níu af hverjum tíu jarðarþúum (89%) hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni. Árið 1990 var þetta hlutfall 77 prósent. Hlutfall þeirra sem hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni hefur því lækkað um helming.

Heimildir: Arsskýrsla Sameinuðu þjóðanna um þúsaldarmarkmiðin 2011 (The Millennium Development Goals Report 2011), Gagnagrunnur Sameinuðu þjóðanna um þúsaldarmarkmiðin (Millennium Development Goals Database), Mannföldastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, Arsskýrsla Sameinuðu þjóðanna um þróun lífskjara 2011 (Human Development Report 2011), Alþjóðabankinn og Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD.

HEIMURINN ER BETRI EN VIÐ HÖLDUM

Fyrir fáeinum árum gerði Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP, rannsókn þar sem 1000 Svíar voru spurðir að því hvernig þeir héldu að ástandið í fátæku löndum heimsins væri. Niðurstaðan var dapurleg. Rannsóknin sýndi að dæmigerður Svíi heldur að ástandið í heiminum sé verra en það er í raun og veru og að mörg framfaraspor fara einfaldlega fram hjá okkur.

Langflestir (84 prósent) héldu til dæmis að innan við helmingur allra barna í þróunarlöndum gangi í skóla. Það var varla nokkur sem vissi að níu af hverjum tíu börnum ganga í skóla. Flestir héldu líka að innan við helmingur íbúa í þróunarlöndunum kynni að lesa og skrifa, en rétta svarið er að um 80 prósent eru sæmilega læs og skrifandi.

En á mestum villigötum voru menn um það hversu lengi fólk lifir. Næstum helmingur aðspurðra hélt að ævilíkur í þróunarlöndum væru minni en 50 ár, margir héldu meira að segja að þær væru innan við 30 ár. En staðreyndin er sú að ævilíkur eru komnar upp í næstum 70 ár, það vissu ekki margir.

Einungis 13 prósent höfðu trú á að hægt væri að minnka um helming fátækt og hungur í heiminum fyrir árið 2015, þótt leiðtogar heimsins hafi með hinum átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna lofað því. Hér er þó ástæða til meiri bjartsýni. Nýjar tölur frá Alþjóðabankanum sýna að fátæktin í heiminum hefur þegar minnkað um helming frá því sem var 1990, þótt enn sé langt í 2015. Þessu hlutamarkmiði hefur því þegar verið náð.

»Netið hefur opnað aðgang að fjölbreyttari fréttamiðlum.«

HVERS VEGNA ER MYNDIN BJÖGUÐ?

Það er erfitt að benda á ástæður fyrir því að heimsmynd okkar er svona frábrugðin raunveruleikanum. Til að átta sig á því þyrfti að gera langtíma úttekt á því hvaðan hugmyndirnar koma sem mestu skipta þegar við gerum okkur mynd af heiminum. Það er nærtækt að halda að hluta skýringarinnar sé að finna í umfjöllun fjölmiðla. Dagblöð, útvarp og sjónvarp hafa löngum verið helsta uppspretta þeirrar myndar sem við gerum okkur af heiminum. Og þar sem stríð, tvísýnar kosningar og hamfarir fá yfirleitt stærri fyrirsagnir en þegar fjallað er um langtíma þróunarmál, eins og að fleiri börn komist í skóla eða að aðgangur að hreinu vatni aukist, hefur það að sjálfsögðu áhrif á heimsmynd okkar.

Fréttaflutningur hefur lengi verið verið í höndum fárra, stórra fréttaveitna og jafnframt hefur fréttariturnum á erlendri grund fækkað. Fréttaflutningur verður því æ fábreyttari því ritstjórnir fjölmiðla reiða sig að miklu leyti á sama efni úr fáum heimildum, til dæmis alþjóðlegum fréttamiðlum. Netið hefur þó opnað aðgang að fjölbreyttari fréttamiðlum. Þetta er þó ekki eina skýringin á því að heimsmynd okkar er ekki í samræmi við raunveruleikann. Í myndinni sem mörg hjálparsamtök og söfnunarherferðir draga upp er iðulega lögð mest áhersla á eynd og hörmungar, enda er markmiðið einmitt að safna fé til að ráða bót á slíku.

Einnig má vera að þær hugmyndir sem við höfum þegar gert okkur verði til þess að við síum ómeðvitað út upplýsingar sem samræmast ekki heimsmynd okkar.

Fræðslufyrirkomulag í skólum og námsgögn sem þar eru notuð eru sjálfsgt líka hluti af skýringunni. Pólitísk afstaða og menning geta einnig verið áhrifaþættir.

GETUR BJÖGUÐ HEIMSMYND VERIÐ SKAÐLEG?

Gerir nokkuð til þótt við höldum að stærri hlutar heimsins búi við fátækt og hungur en raunin er? Já, það er af ýmsum ástæðum mikilvægt að þekkja til framfara og gera ekki of mikið úr vandamálunum. Hér á eftir er nokkrum þeirra lýst.

ANDSTREYMI ER NIÐURDREPANDI

Ef við vitum ekki af umbótum sem eiga sér stað er auðvelt að taka þá afstöðu að það sé ekki hægt að draga úr hungri og fátækt, eða að breyta heiminum á annan hátt. Það getur leitt til vonleysis – til hvers að reyna að breyta heiminum ef það virðist ekki hafa neitt að segja?

Ef við hins vegar vitum að í mörgum löndum Afríku sunnan Sahara hefur tekist að ná tókum á HIV-faraldrinum, er það til marks um að það sé líka hægt í öðrum löndum – með réttri stefnumörkun og aðstoð frá umheiminum. Þá fær það þýðingu að leggja eitthvað af mörkum til breytinganna.

Undanfarin ár hefur í ríkum löndum komið upp ný tegund gagnrýni á þróunaraðstoð, gagnrýni sem byggir á þeirri hugmynd að ríkar þjóðir hafi „dælt peningum til Afríku“ og að „samt hafi ekkert breyst til batnaðar.“ Ef þetta væri rétt ættum við að sjálfsgöðu að hætta

aðstoðinni strax. En sannleikurinn er sá að ástandið hefur breyst mjög til batnaðar, líka í Afríku sunnan Sahara.

VIÐ GETUM LÆRT AF FRAMFÖRUM

Til að geta lært af löndunum þar sem stórstígar framfarir hafa orðið, verðum við að þekkja til framfaranna. Ef við þekkjum ekki allar staðreyndir er mikil hætta á að við drögum rangar ályktanir.

Þar sem dæmi um framfarir er að finna í öllum heimshlutum, á öllum sviðum og í alls konar löndum, hljótum við að geta lært af reynslu þeirra sem hafa náð árangri. Hvert og eitt land þarf ekki að finna upp hjólið á nýtt.

FRAMFARIRNAR ERU EKKI NÓGAR

Við höfum náð árangri í baráttunni gegn örbirgð, en enn er þó langt í land. Þótt ástandið í heiminum sé að mörgu leyti betra en flestir ímynda sér, má alls ekki nota árangurinn sem náðst hefur sem rök fyrir því að láta þar við sitja, í þeirri trú að nú sé heimurinn orðinn fullkominn og réttlátur.

Í næsta kafla er fjallað um nokkrar þeirra áskorana sem heimurinn þarf að takast á við í framtíðinni.

UMRÆÐUEFNI: HVAÐAN KEMUR HEIMSMYND ÞÍN?

Íhugaðu vel allar þær fróðleiksuppsprettur sem þú getur látið þér detta í hug. Reyndu svo að velta fyrir þér ástæðunum fyrir því að þessar heimildir lýsa heiminum eins og þær gera.

- Hvar er aðra heimsmynd að fá?
- Hvar er hægt að finna aðrar og öðruvísi uppsprettur þekkingar?



Verður heimurinn betri?

Er heimurinn betri eða verri bústaður í dag en fyrir 10, 30 eða 50 árum?

Surningunni um það hvort þróunin í heiminum stefni í rétta átt er ekki hægt að svara með einföldu já-i eða nei-i. Það fer einfaldlega eftir því hvernig maður lítur á spurninguna, eða hver er spurður.

Margir munu svara að heimurinn hafi aldrei verið betri bústaður en í dag. Aldrei hafa jafn mörg börn gengið í skóla, fleiri eru læsir og skrifandi en nokkurn tíma áður og hlutfall fátækra í heiminum hefur aldrei verið lægra. Að ekki sé talað um að fleiri börn en nokkru sinni ná fimm ára aldri.

Aðrir munu segja að aldrei áður hafi ranglæti verið jafn mikið í heiminum, að bilið milli fátækra og ríkra hafi aldrei verið stærra og

vandamálin fari raunar vaxandi í vissum hlutum heimsins. Og að þetta gerist þrátt fyrir að auðæfin sem til skiptanna eru hafi aldrei verið jafnmikil og nú.

Staðreyndin er sú að hvorir tveggja hafa rétt fyrir sér. Heimurinn er sífellt að verða betri á mörgum mikilvægum sviðum. En það gerist ekki nógu hratt og það sem meira er, hann verður ekki betri fyrir alla. Jafnframt bitna loftslagsbreytingar, sem að mestu leyti má rekja til þróðu landanna, harðast á þeim fátækustu og stofna í hættu þeim framförum sem orðið hafa. Í þessum kafla er farið yfir ákveðna þætti í þróun mála sem við höfum orðið vitni að undanfarna áratugi.

Að skilja staðtölur og mæla þróun

Eins og áður var nefnt getur verið erfitt að verða sér úti um réttar upplýsingar og áreiðanlegar tölur. Þar að auki eru allar opinberar staðtölur sem ná yfir allan heiminn áætlaðar og gögnin fela því í sér ákveðin skekkjumörk. Í löndum þar sem hefð er fyrir mælingum og manntalsskráningu og fjármunum er veitt í slíkt eru tölur þó tiltölulega áreiðanlegar. Í stríðshrjáðum löndum þar sem manntalsskráning er í ólestri og ekki eru teknar saman tölur um mismunandi dánarorsakir, er óvissan meiri.



Með því að framkvæma margar mælingar með góðum og reyndum aðferðum og með því að gera grein fyrir heimildum, aðferðum og gögnum komast fræðimenn og tölfræðingar sífellt nær sannleikanum. Skekkjumörkin dragast saman. Áreiðanleg gögn eru nauðsynleg til að fá rétta mynd af ástandinu í heiminum og rétt mynd af ástandinu í heiminum er forsenda þess að hægt sé að taka réttar ákvarðanir um hvaða leiðir á að fara í framtíðinni.

Í þessari bók byggjum við á bestu og áreiðanlegustu heimildum sem við þekkjum. Oft notum við tölur frá stofnunum Sameinuðu þjóðanna eða Alþjóðabankanum. Í sumum tilvikum eru önnur samtök og stofnanir í fararbroddi í heiminum, þar á meðal sænska friðarrannsóknarstofnunin SIPRI, þegar um er að ræða upplýsingar um vopnaðnaðinn, og sænska stofnunin Gapminder sem nýtir margvísleg opinber gögn til að setja saman umfangsmikil langtímayfirlit

UMRÆÐUEFNI:


- Hvers vegna er þróun í Afríku sunnan Sahara svo langt á eftir öðrum heimshlutum?
- Hvernig stendur á því að í allmörgum löndum eru tekjur tiltölulega háar en ævilíkur lágar?

Litir



Stærð bóllanna segir til um íbúafjölda.

2010



SVONA LÍTUR HEIMURINN ÚT Í DAG



Skoðaðu myndina hér fyrir ofan. Hver bóla samsvarar einhverju landi, litur bóllunnar gefur til kynna í hvaða heimshluta landið er og stærð hennar sýnir íbúafjöldann. Stóru, rauðu bóllurnar eru til dæmis Kína og Indland. Svíþjóð, þar sem tekjur eru háar og ævilíkur langar, er uppi í hægra horni myndarinnar en Austur-Kongó, þar sem tekjur eru lágar og ævilíkur skammar, er í neðra horninu til vinstri.

Á myndinni sést að flest eru löndin meðal- eða hátekjulönd og í næstum öllum löndum utan Afríku eru ævilíkur yfir 60 ár. Það er mikilvægt að vita að flest lönd eru reyndar hvorki fátæk né vanþróuð!

Það er auðvelt að sjá hvaða svæði það eru sem hafa dregist aftur úr. Flest Afríkulönd eru í neðra vinstra horni, með lágar tekjur og stutta meðalævilengd. Það eru bara fáein lönd í þessum heimshluta þar sem meðalævilengd er yfir 60 ár og álíka fátítt er að tekjur séu hærrí en 4.000 dalir á íbúa á ári.


Þau Afríkulönd sem skera sig úr hvað ævilengd varðar eru löndin í Norður-Afríku og nokkur lítil eyriki eins og Míritius og Grænhöfðaeypjar. Utan Afríku er bara eitt land sem er fyrir neðan 60 ára línuna – það er hið stríðshrjáða Afganistan.

Litir



Stærð bóllannasegir til um íbúafjölda.

1960



ÞÁ VAR ÖLDIN ÖNNUR!



Fyrir fimmtíu árum leit heimurinn allt öðru vísi út (berðu saman við myndina frá árinu 2010 á síðustu blaðsíðu). Þá voru lágtekjulöndin þar sem ævilíkur voru lágar blandaður hópur úr öllum heimshlutum. Löndin í Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum voru næstum öll fátæk og þar voru ævilíkur lágar.

Í mörgum löndum Rómönsku-Ameríku, sem höfðu verið sjálfstæð lengur en Afríku- og Asíulöndin, fór ástandið þó batnandi en hvergi nema í Evrópu, Norður-Ameríku, Japan og Ástralíu voru ævilíkur yfir 65 árum.

Á sjöunda, áttunda og níunda áratugnum var þróunin upp á við í flestum löndum. Í Afríku var þróunin hægst þó hún stefndi yfirleitt í rétta átt. Árið 1990 voru flest lönd utan Afríku komin upp fyrir 60 ára mörkin í ævilíkum og í Afríku voru flest löndin að nálgast ævilíkur upp á 50 ár.


Þegar á árinu 1990 voru tekjur í flestum löndum í Rómönsku-Ameríku og mörgum Asíulöndum komnar yfir 4.000 dali á ári á íbúa. Í öðrum Asíulöndum var örari þróun í efnahagsmálum skammt undan.

Litir



Stærð bólanna segir til um íbúafjölda.

1990



Eftir 1990 hefur þróunin verið misjöfn. Í Austur-Asíu, Mið-Austurlöndum og Rómönsku-Ameríku batnaði heilsufar og hagkerfin uxu. Í Austur-Evrópu og Mið-Asíu hrundu hins vegar hagkerfin og heilsufari hrakaði. Þetta var afleiðing hruns kommúnismans sem varð til þess að Sovétríkin leystust upp.

Verst var þó ástandið í hlutum Afríku sunnan Sahara en þar dró mjög úr ævilikum í mörgum löndum, en slíkt er mjög óvenjulegt. Orsökina var HIV/alnæmi.

Eftirtektarvert er að löndin sem farið var að nefna „iðnþróuð lönd“ fyrir fimmtíu árum, til dæmis Svíþjóð og Ísland, voru árið 1960 á sama tekju- og heilsufarsstigi og flest lönd heims búa við í dag.

Undanfarna áratugi hefur þróun verið afar hröð í löndum á borð við Brasilíu, Kína og Indland, þau hafa þróast miklu hraðar en Svíþjóð gerði á sínum tíma. Ísland, sem var lengi fátækara en flest Evrópulönd, fór einnig í gegnum tímabil hraðrar þróunar á síðustu öld.



MESTAR ÁSKORANIR FYRIR AFRÍKU

Eins og sést á myndunum er Afríka sunnan Sahara það svæði sem á lengst í land að ná háu þróunarstigi. Þótt þróun undanfarinna ára hafi verið hraðari en áður, hefur hún hingað til verið langtum hægar þar en í öðrum heims- hlutum. Ævilíkur í Afríku sunnan Sahara eru til dæmis ekki nema 54 ár, en til samanburðar eru þær 65 ár í Suður-Asíu, 72 ár í Norður- Afríku, Mið-Austurlöndum og í Austur-Asíu og 74 ár í Rómönsku-Ameríku.

Það eru margar ástæður fyrir því að ástandið er verra í Afríku, bæði innri og ytri ástæður. Sögulegir og menningarlegir þættir eiga þar hlut að máli, en einnig landfræðilegir, eins og það að mörg lönd í Afríku liggja ekki að sjó og eiga því langt að sækja á alþjóðlega markaði. Þó er mikilvægt að hafa í huga að það er mikill munur á löndum á meginlandi Afríku.

HÆTTUM AÐ TALA UM ÞRÓUNARLÖND!

Það er kominn tími til að hætta að tala um iðnríki og þróunarlönd. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu ætti að kalla öll lönd þróunarlönd, nema þau allra ríkustu. Við þurfum einfaldlega betri og nákvæmari aðferðir til að deila upp heiminum.

Sem dæmi má nefna að þótt þróunarstig í Singapúr sé það sama og í ESB-löndunum, er Singapúr talið með þróunarlöndunum. Í sama flokki er Sierra Leóne þar sem ævilíkur eru innan við 50 ár og landið á því ekki margt sameiginlegt með Singapúr. Heimurinn skiptist ekki lengur bara í lítinn hóp ríkra landa og stóran hóp fátækra landa. Í dag eru lönd á öllum þróunarstigum, frá þeim allra fátækustu til þeirra allra ríkustu.

»Heimurinn skiptist ekki lengur bara í lítinn hóp ríkra landa og stóran hóp fátækra landa«

Í lok bókarinnar er því lýst hvernig má skipta heiminum upp á annan hátt. Skipting Þróunaráætlunar Sameinuðu Þjóðanna, UNDP, í lönd þar sem þróun lífskjara er á lágu, meðal- eða háu stigi, er flóknari, en einnig sanngjarnari aðferð. Jafnvel uppskipting eftir tekjum (lág-, meðal- og hátekjulönd) gefur réttari mynd en gömlu hugtökin.

FRAMFARIR Í FLESTUM LÖNDUM

Milli árana 1960 og 1990 varð jákvæð þróun í flestum löndum, bæði hvað varðar tekjur og heilsufar (samanber myndritin um 1960 og 2010). Fyrir fimmtíu árum var það bara í Norður-Ameríku, Evrópu, Japan og Ástralíu sem ævilíkur voru yfir 65 ár. Nú hefur allur heimurinn náð þessu marki nema Afríka sunnan Sahara. Vissulega hefur þróunin verið hraðari í ríku löndunum en þeim fátæku, en almenna tilhneigingin er sú að í flestum löndum stefnir þróunin í rétta átt.

Í stórum hlutum Afríku sunnan Sahara hefur þróunin þó verið miklu hægar en annars staðar í heiminum, en í þessum heimshluta stefndi líka í rétta átt á tímabilinu 1960–1990. Það sem af er þessari öld hafa orðið miklar framfarir í mörgum löndum Afríku, tekjur hafa hækkað og dregið úr fátækt. Í mörgum landanna á svæðinu hefur hagvöxtur verið stöðugur í 10–15 ár í röð.

DRÓ ÚR ÆVILÍKUM Í MÖRGUM LÖNDUM

Á síðasta áratug 20. aldar varð sú óvenjulega og sláandi atburðarás að í um það bil 30 löndum dró úr ævilíkum, sérstaklega í Afríku sunnan Sahara. Þar sem ástandið var verst, í löndum þar sem gert er ráð fyrir að 20–25 prósent allra fullorðinna séu HIV-smitaðir, styttist meðalævilengd um allt að 15–20 ár.

MUNURINN EYKST

Enn er gífurlegur munur milli fátækra og ríkra í heiminum. Fátækasti fimmtungur íbúa jarðarinnar hefur ekki nema 2 prósent heildartekna í heiminum. Og meira en milljarður jarðarbúa lifir enn í örbirgð, með minna en 200 krónur á dag.

Ríkasti fimmtungurinn tekur hins vegar til sín 75 prósent af heildartekjunum. Bilið milli þeirra allra ríkustu og allra fátækustu hefur því aukist undanfarna áratugi.

Um leið hafa kjör margra sem eru þarna á milli batnað verulega. Ör hagvöxtur í löndum á borð við Kína, Indland og Brasilíu hefur skapað „hnattræna millistétt“ sem mun, ef þróunin heldur áfram, ná ríkustu löndunum þó það geti tekið nokkurn tíma.

Á vissan hátt má segja að tekjudreifing á hnattvísu hafi jafnast nokkuð. En þótt hagvöxtur ríki, er ekki þar með sagt að allir njóti góðs af framförum sem honum fylgja. Yfirleitt aukast tekjur þeirra ríku meira en þeirra fátæku. Því eykst einnig ójöfnuður innanlands í flestum löndum heims.



Ljósmynd: UN/Photo: Tim McKulka



UMRÆÐUEFNI: Verður heimurinn betri?

- Getum við sagt að heimurinn sé að verða betri, að við séum á réttri leið?
- Hvað er gott við þróunina í dag og hvað er slæmt?
- Hverju er hægt að breyta svo heimurinn verði betri og réttlátari?
- Skiptir það máli að bilið milli þeirra fátækustu og ríkustu eykst þótt kjör þeirra fátækustu batni? Er réttlát skipting auðlinda heimsins markmið í sjálfu sér?
- Hvað geta Svíþjóð, Ísland og önnur rík lönd gert til að koma í veg fyrir að HIV/alnæmi hafi jafn afdrifarík áhrif annars staðar í heiminum og í Afríku?





Framfarir sem þú vissir kannski ekki um

Þrátt fyrir allar fréttirnar af hamförum, hungri og eymd, eru líka stigin mörg framfaraspör. Ef við fréttum ekki af þeim er mikil hættu á að við gerum okkur ranga mynd af heiminum.

Vissir þú að í Indónesíu er félagsleg og efnahagsleg þróun tvöfalt örrari en hún var í Svíþjóð á 20. öld? Eða að í Egyptalandi hefur dregið mjög hratt úr barnadauða? Eða að til eru lönd þar sem fjöldi barna sem hefja skólagöngu hefur tvöfaldast á örfáum árum?

Hér er sagt frá nokkrum af þeim framförum sem hafa átt sér stað undanfarin ár, oft án þess að þeim hafi verið slegið upp í fréttum.

FÓLK LIFIR LENGUR

Meðalævilengd í heiminum hefur aukist úr 53 árum í upphafi sjöunda áratugarins upp í nærri því 70 ár í dag, þrátt fyrir að ævilengd hafi minnkað í um 30 löndum á tíunda áratugnum. Vissulega hefur dregið úr þessari aukningu undanfarna þrjú áratugi en ævilíkur í heiminum aukast enn um 2–2,5 ár á hverjum áratug og í 25

löndum heims hafa þær aukist um 20 ár síðan 1970.

Ef litnið er á þróunina eftir 1970 slá Maldív-eyjar þó öll met. Þar er meðalævin 33 árum lengri í dag en hún var árið 1970. Í Víetnam hefur meðalævin lengst um 27 ár frá árinu 1970 þegar Víetnamstríðið stóð sem hæst.

Í Bangladess hefur ævilengd aukist um sama árafjölda. Árið 1970 barðist landið fyrir sjálfstæði sínu frá Pakistan. Þá var meðalævin ekki nema 42 ár, en er í dag næstum 70 ár.

Bæði Egyptaland og Líbía eru í hópi þeirra 10 landa þar sem meðalævin hefur lengst hvað mest, en þessi tvö lönd voru fremst í flokki í arabíska vorinu 2011 þar sem almenningur velti fyrri stjórnnum úr sessi. Byltingarnar eru vitnisburður um að efnisleg gæði eru ekki nóg. Þegar menntunarstig og heilsufar batnar, vill fólkið einnig taka þátt í að móta framtíðina.

ÆVILÍKUR Á ÁRUNUM

	1970	2010	Breytingar
Maldívejar	44	77	+33
Víetnam	48	75	+27
Bangladess	42	69	+27
Bútan	41	67	+26
Nepal	43	68	+25
Jemen	40	65	+25
Tyrkland	50	74	+24
Líbía	52	75	+23
Madagaskar	44	66	+26
Egyptaland	50	73	+23

Heimild: Stiftelsen Gapminder

HLUTFALL BARNNA SKRÁÐ Í GRUNNSKÓLA ÁRIN 1999 OG 2009 Í PRÓSENTUM:

	1999	2009
Búrúndi	37	99
Tansanía	49	97
Eþíópía	36	83
Mósambík	52	90
Bútan	56	88
Gínea	43	75
Níger	26	54
Búrkína Fasó	33	60
Sambía	71	93
Kenía	62	83

Heimild: Vörldsbanken, www.data.worldbank.org

FLEIRI BÖRN GANGA Í SKÓLA

Alldrei fyrr hafa jafnmargir haft aðgang að menntun, og 90 prósent – níu af hverjum tíu – allra barna í heiminum hefja í raun skólagöngu. Fyrir tíu árum síðan var þessi tala 82 prósent. En það þýðir líka að rúm 10 prósent, eða 67 milljónir barna í heiminum, hafa enn ekki tækifæri til að læra að lesa og skrifa. Þetta geta bæði verið fötluð börn og börn sem búa á stríðs- og átakasvæðum.

Hlutfall barna sem hefja grunnskólagöngu hefur aukist hraðast í Afríku sunnan Sahara, úr 58 prósentum árið 1999 í 76 prósent árið 2009. Þetta er mjög ánægjulegt því að einmitt á þessu svæði eru flest börn án menntunar.

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir lönd þar sem stórstígar framfarir hafa orðið á stuttum tíma hvað varðar skráningu í skóla.

Jákvæð þróun undanfarinna ára er til marks um að það er hægt að ná miklum árangri á stuttum tíma. Oft eru þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að auka skólagöngu vel þekktar og tiltölulega einfaldar. Sum úrræði kosta peninga, en fjárfesting í menntun borgar sig til langframa.

HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA TIL AÐ FLEIRI BÖRN GANGI Í SKÓLA?

- Afnema skólagjöld og skólabúninga svo að allir hafi ráð á að ganga í skóla.
- Taka upp ókeypis skólamáltíðir til að tryggja að börnin fái nóga næringu. Þá gengur þeim betur að læra og framfærslubrýrði foreldranna minnkar.
- Auka öryggi barna, sérstaklega stúlkna, bæði í skólanum og á leiðinni í og úr skóla. Það dregur úr hættu á að ráðist verði á þau. Engir foreldrar vilja senda börnin sín í skóla ef það stofnar þeim í hættu!

- Leggja áherslu á menntun kvenna, því betur menntuð sem konan er, því lengri skólagöngu fá börnin hennar.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir hætta mörg börn í skólanum áður en þau hafa lokið grunnskóla. Fyrir því geta verið margar ástæður, þau þurfa að vinna til að hjálpa fjölskyldum sínum, stúlkur eru giftar burt eða að skólinn eyðileggst í átökum eða náttúruhamförum.

ÞAÐ DREGUR ÚR MANNFJÖLGUN

Með aukinni þekkingu á neikvæðum áhrifum mannfólksins á umhverfið aukast líka áhyggjur vegna mannfjölgunar. Haustið 2011 fór fjöldi jarðarbúa yfir sjö milljarða markið og margir velta því fyrir sér hvort auðlindir jarðar nægi.

Góðu fréttirnar eru þó að hægt hefur á mannfjölgun í heiminum. Um árið 2050 mun mannfjölgun stöðvast og sennilega verðum við aldrei 10 milljarðar.

Ástæðan fyrir því að mannfjölgun stöðvast er að konur munu eignast færri börn. Fjöldi barna á hverja konu hefur lækkað úr fimm börnum árið 1960 í innan við 2,5 börn árið 2009. Það er algengur misskilningur að halda að há dánartíðni, t.d. vegna sjúkdóma eða fátæktar, muni draga úr mannfjölgun. Af því draga menn þá röngu ályktun að betri lífskjörum fylgi aukin hætta á offjölgun mannkyns.

Staðreyndin er sem betur fer hið gagnstæða: Eftir því sem fátækt minnkar, dánartíðni barna lækkar og fólk fær fleiri tækifæri, því færri börn fæðast og því hraðar dregur úr mannfjölgun.

ÚGANDA SNERI VIÐ SKÆÐUM HIV-FARALDRI

Úganda var eitt af fyrstu löndunum sem varð fyrir barðinu á ört vaxandi HIV-faraldri á níunda áratugnum og varð fljótt eitt þeirra landa sem urðu einna verst úti. Í upphafi tíunda áratugarins var talið að ellefu prósent íbúa Úganda á aldrinum 15 til 49 ára væru smituð. Í aðeins einu landi í heiminum (Sambíu) voru tölurnar hærri.

Ólíkt því sem gerðist í mörgum öðrum löndum tóku stjórnvöld í Úganda faraldurinn alvarlega og tókst að snúa þróuninni við. HIV-faraldurinn varð pólitískt forgangsmál stjórnvalda og margvísleg úrræði voru samþykkt.

Meðal annars var lögð mikil áhersla á kynfræðslu og átak var gert á landsvísu til að auka notkun smokka. Nýjum HIV-tilfellum fækkaði og smátt og smátt lækkaði einnig hlutfall smitaðra. Nú hefur þessi jákvæða þróun þó snúist á verri veg. Ríkisstjórn Úganda hefur breytt um stefnu og leggur nú minni áherslu á varnir og meiri á aðhaldssemi í kynferðismálum. Vegna þessa hefur nýjum smitum aftur fjölgað í landinu. Samkvæmt Áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi, UNAIDS, er hlutfall smitaðra í dag 6,5 prósent.

Á heimsvísu hefur líka mikið áunnist í baráttunni gegn HIV á hnattvísu. Fjöldi þeirra sem smituðust náði hámarki 1996 en síðan hefur þeim fækkað jafnt og þétt. Í dag smitast um 2,7 milljónir manna af HIV á ári hverju – það er enn afar mikill fjöldi. Jafnframt hefur þeim fækkað sem deyja af völdum HIV/alnæmis samfara betri aðgangi að alnæmislyfjum.

BARNADAUÐI MINNKAR Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM OG NORÐUR-AFRÍKU

Upp úr 1970 var dánartíðni barna í flestum arabalöndum mjög há. Í mörgum löndum dó næstum því fimmta hvert barn fyrir fimm ára aldur. Ástandið var verst í Jemen, en þar dó þriðja hvert barn áður en það náði fimm ára aldri.

Síðan hefur dregið stórlega úr barnadauða á þessu svæði, í flestum tilvikum um nærri 90 prósent – og á það einnig við um lönd þar sem ófriður hefur geisað. Hraðast hefur dregið úr barnadauða í Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Túnis og Egyptalandi. Það má meðal annars þakka viðtækum aðgerðum til að efla lýðheilsu og menntun.

HLUTFALL BARNNA SEM DEYR FYRIR FIMM ÁRA ALDUR, Í PRÓSENTUM

	1970	2010
Óman	20,0	0,9
Sameinuðu arabísku furstadæmin	9,0	0,7
Túnis	18,0	1,6
Egyptaland	24,0	2,2
Sadí-Arabía	18,0	1,8
Katar	8,0	0,8
Barein	8,0	1,0
Libía	14,0	1,7
Íran	20,0	2,6
Sýrland	12,0	1,6

Heimild: Stiftelsen Gapminder

LÝÐRÆÐI KEMST Á Í Æ FLEIRI LÖNDUM

Lýðræði fer vaxandi í heiminum, það tekur þó sinn tíma og ósjaldan kemur til átaka.

Uppreisnir gegn einræði og ófrelsi í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum hafa kostað mörg mannlíf.





Þótt þremur ríkisstjórnunum, þ.e. í Túnis, Líbía og Egyptalandi hafi verið steypt af stóli er enn of snemmt að segja til um hvort lýðræði hafi aukist á þessum svæðum.

Það er tímafrekt að breyta stjórnarskrám, byggja upp flokkakerfi, skipuleggja kosningar og komast að samkomulagi um hvernig landinu skuli stjórnað. Þetta getur reynst sérstaklega torvelt í löndum þar sem lýðræðishefðir skortir og almenningur er óvanur stjórnmalapátttöku og áhrifum. Þeir hópar sem áður fóru með völd eru líka oft tregir til að láta þau af hendi.

Þegar breytingarnar gerast of hægt er einnig hætta á að fólk verði vonsvikið og telji sér trú um að „allt hafi verið betra eins og það var áður“. Því er leiðin til lýðræðis oft vörðuð afturkippum. Uppreisnirnar í Norður-Afríku eru þó sláandi dæmi og trúlega verður æ erfðara að undiroka þjóðir. Eins og fyrir segir er ekki hlaupið að því að mæla lýðræði og frelsi.


Þó er það oft reynt og allar slíkar tilraunir benda til þess að lýðræði sé í sókn og að hreinum einræðisríkjum fari fækkandi.

Oft er vitnað í árlega úttekt bandarísku samtakanna Freedom House, en þar er heiminum skipt í lönd sem teljast frjáls, frjáls að hluta, og ófrjáls. Samkvæmt þessari úttekt hefur fjöldi lýðræðisríkja í heiminum meira en tvöfaldast undanfarin 40 ár og í dag eru lýðræðisríki í heiminum tvöfalt fleiri en einræðisríki. Í upphafi áttunda áratugarins var þessu öfugt farið.

UMRÆÐUEFNI: ÓÞEKKTAR FRAMFARIR

- Ertu sammála því að miklar framfarir fari oft framhjá okkur?
- Hvers vegna er svona erfitt að sjá og taka eftir framförum annars staðar í heiminum?

FJÖLGUN LÝÐRÆÐISRÍKJA



Heimild: Freedom House (www.freedomhouse.org)



Áskoranir framundan

Þrátt fyrir áratugi með tækniframförum, miklum hagvexti og meiri þekkingarforða en nokkurn tíma áður, eru aðstæður margra jarðarbúa jafn erfiðar og fyrir 30 árum. Það hafa ekki allir notið góðs af þróuninni, hjá mörgum hafa líf skjörin ekkert batnað.

Það getur verið freistandi að vera bara sáttur við að nú sé allt á réttri leið, en þróun tekur tíma og ranglæti verður ekki leiðrétt á einni nóttu. Við verðum að gera greinarmun á því hver staðan er og hvert stefnir. Ástandið getur verið slæmt þótt það stefni í rétta átt.

Í Kína hefur þróunin til dæmis verið mjög hröð árum saman, en meðaltekjur á íbúa þar eru þó ekki hærrí en þær voru í Bandaríkjunum fyrir 100 árum síðan. Þótt hagvöxtur hafi verið mikill í prósentum talið í mörgum Afríkuríkjum undanfarinn áratug, megum við ekki gleyma því að þróunin byrjar á mjög lágu stigi. Í mörgum löndum er verg þjóðarframleiðsla enn lág og í einungis 13 af 46 löndum Afríku sunnan Sahara fara tekjurnar yfir 3.000 dali á íbúa á ári –

því marki náði Svíþjóð fyrir meira en 100 árum (umreiknað í núverandi verðgildi). Þriðjungur landa á svæðinu (15 af 46 löndum) eru meira að segja fátækari í dag en þau voru árið 1990.

Þess vegna verður þróunin, þótt hún sé á réttri leið, að halda áfram í marga áratugi. Horfurnar á því eru góðar, en það er líka margt sem getur farið úrskeiðis.

Rannsóknir benda til að loftslagsbreytingar og aukin hnattræn hlýnun séu meðal þess sem getur sett strík í reikninginn og á undanföllum árum hefur reynslan kennt okkur að efnahagskreppur og alþjóðleg niðursveifla eru það líka. Í þessum kafla er gerð grein fyrir nokkrum af þeim úrlausnarefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir nokkrum af þeim úrlausnarefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir.

ÖRBIRGÐ ER ENN MIKIL

Alþjóðlegt viðmið um örbirgð er 1,25 dalir á dag. Viðmiðið er breytilegt eftir kaupmætti í löndunum, það er umreiknað eftir því hversu dýrt er að lifa í hinum ýmsu löndum.

Líf í örbirgð eru lífshættulegar aðstæður.

Tækifæri þeirra sem lifa í örbirgð til að uppfylla grunnþarfir eru miklu lakari og þeir eru í meiri hættu á að deyja úr hungri, sjúkdómum eða vegna hamfara. Oft er talað um að fátækt drepi. Ævilíkur þeirra sem lifa í örbirgð eru ekki nema helmingur af því sem þær eru í Svíþjóð og á Íslandi, um 40 ár í staðinn fyrir rúm 80 ár.

Þrátt fyrir miklar framfarir í baráttunni gegn fátækt, lifðu næstum því 1,3 milljarðar manna í örbirgð árið 2008.

»Líf í örbirgð er lífshættulegt.
Sagt er að fátækt drepi «

Nýjar tölur frá Alþjóðabankanum sem birtust í febrúar 2012 sýna þó að í flestum heimshlutum hafa orðið meiri framfarir en áður var talið.

Þetta á einnig við um suðurhluta Asíu, en þar búa flestir þeirra sem lifa í örbirgð. Þar hefur hlutfall þeirra minnkað úr 54 í 36 prósent á 20 árum. Enn lifir þó hálfur milljarður íbúa Suður-Asíu í örbirgð.

Fátækasta svæðið er þó án efa Afríka sunnan Sahara. Enn þann dag í dag hefur annar hver íbúi þar minna en 1,25 dali til umráða á dag og þeim sem lifa í örbirgð hefur fjölgað um 100 milljónir frá árinu 1990.

FJÖLDI OG HLUTFALL ÞEIRRA SEM LIFÐU Í ÖRBIRGÐ ÁRIN 1990 OG 2008, Í MILLJÓNUM EINSTAKLINGA OG PRÓSENTUM:

	1990	2008	1990	2008
Austur-Asía	926	284	56 %	14 %
Suður-Asía	617	571	54 %	36 %
Afríka sunnan Sahara	290	386	57 %	48 %
Rómanska Ameríka	53	37	12 %	6 %
Mið-Austurlönd og N-Afríka	13	9	6 %	2,7 %
Evrópa og Mið-Asía	9	2	1,9 %	0,47 %
Heimurinn samtals	1909	1289	43 %	22 %

Heimild: Vörldsbanken



Enn er margt ógert...

- 21.000 börn deyja á hverjum degi vegna ástæðna og sjúkdóma sem auðvelt er að breyta eða lækna.
- Daglega deyja allt að 1.000 konur vegna meðgöngu eða barnsburðar.
- Árlega deyja 1,8 milljónir úr HIV/alnæmi og þar að auki smitast 2,7 milljónir af HIV.
- 1,2 milljónir deyja úr malaríu á hverju ári.
- 783 milljónir hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni.
- 2,5 milljarðar hafa ekki aðgang að salerni.
- Stór hluti fátækra í heiminum þjáðust af hungri. Árið 2010 var áætlað að 925 milljónir þjáðust af vannæringu.
- Í Afríku sunnan Sahara eru 43 prósent allra barna undir fimm ára aldri oflétt
- 27 milljónir eru flóttamenn í eigin landi.
- 67 milljónir barna eiga ekki kost á skólagöngu.
- Enn eykst losun koltvísýrings og er nú u.þ.b. 40 prósentum meiri en árið 1990, sem er meira en nokkurn tíma áður.
- Yfir 80 prósent allra þingmanna í heiminum eru karlar.

Heimildir: The Millennium Development Goals Report 2011,
UNICEF, WHO, UNAIDS, IAE

»Barnadauðinn í heiminum samsvarar því að á fjórtán daga fresti yrði hamfarafloð á borð við flóðbylgjuna á Indlandshafi 2004, þar sem allir sem færust væru börn yngri en fimm ára «

HUNGRIÐ MINNKAR EKKI

Í kjölfar árangursríkrar baráttu gegn hungri snérist þróunin við um miðjan tíunda áratuginn og þeim sem þjáast af langvinnri vannæringu fór smám saman að fjölga á ný. Í tengslum við alþjóðlegu efnahagskreppunna fyrir nokkrum árum fjölgaði hungruðum um allt að tvöhundruð milljónir og samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur fjöldi þeirra sem skortir mat aldrei verið meiri en um áramótin 2009/2010. Þá var talið að um milljarður jarðarbúa þjáðist af langvinnri vannæringu.

Það þýðir að sjötti hver jarðarbúi lagðist svangur til svefns. Kvöld eftir kvöld, eftir kvöld . . .

Undanfarin tvö ár hefur þó dregið úr hungri og í dag er talið að 925 milljónir – af rúmlega sjö milljörðum jarðarbúa – þjáist af langvinnri vannæringu.

Það má velta því fyrir sér hvers vegna ekki hafi áunnist meira í baráttunni við hungur. Hvernig má það vera að þegar dregur úr fátækt í heiminum minnki hungrið ekki að sama skapi?

Einfaldasta svarið við þeirri spurningu er að verð á matvælum hefur hækkað mikið. Margar ástæður eru fyrir því. Með aukinni eftirspurn hefur verð á matvælum og vörum sem eru nauðsynlegar til að byggja upp

skilvirkan landbúnað (t.d. tilbúnum áburði og útsæði) hækkað gífurlega. Í kjölfar aukinnar velferðar í sumum heimshlutum hefur eftirspurn eftir annars konar matvælum aukist. Því hefur meiri áhersla verið lögð á að framleiða kjöt og mjólkurvörur – matvörur sem kostnaðarsamara er að framleiða – á kostnað grunnafurða á borð við baunir og maís. Breytt loftslag, fleiri þurrkatímabil og flóð hafa einnig haft afgerandi áhrif, bæði á matvælavæð og möguleika fólks til að sjá sér farborða. Pólitískur óstöðugleiki og átök hafa einnig áhrif.

Það er alveg ljóst að lyfta þarf grettistaki í baráttunni gegn hungri og langvinnri vannæringu!

MILLJÓNIR BARNNA DEYJA AÐ ÓÞÖRFU

Á hverju ári deyja 7,6 milljónir barna áður en þau ná fimm ára aldri. Það eru næstum því 21.000 börn á hverjum degi. Flest þeirra deyja af ástæðum eða úr sjúkdómum sem hægur vandi væri að koma í veg fyrir eða lækna. Mörg þeirra deyja úr vannæringu eða sjúkdómum eins og lungnabólgu og malaríu. Mörg deyja úr niðurgangi. Segja má að flest þessara barna deyi af völdum fátæktar.

21.000 börn á hverjum degi er hrikaleg tala sem erfitt er að skilja. Til samanburðar getum við hugsað til flóðbylgjunnar á Indlandshafi í desember 2004, þar sem um 250.000 manns fórust. Barnadauðinn í heiminum samsvarar því að á fjórtán daga fresti yrði slíkt hamfarafloð þar sem allir sem færust væru börn yngri en fimm ára. Sá reginmunur er þó á að hér er ekki um að ræða óvæntar hamfarir – heldur fyrirsjáanlega atburði og við bæði vitum hvernig má koma í veg fyrir þá og ráðum yfir nógum fjármunum til þess. Þetta snýst um forgangsröðun eins og svo margt annað.

Í helmingi allra landa í heiminum hefur dánartíðni barna sannarlega lækkað um næstum helming frá 1990 til 2010 og þessi lönd eru því á góðri leið með að uppfylla þúsaldarmarkmiðið um að minnka barnadauða um tvo þriðju. En þróunin hefur því miður verið misjöfn. Í fimmtán löndum hefur dánartíðni barna haldist há eða jafnvel hækkað, samanborið við árið 1990 (þú getur lesið meira um þúsaldarmarkmiðin í næsta kafla).

Þróunin virðist vera hægst í þeim löndum þar sem vandinn er stærstur. Hægst gengur í Afríku sunnan Sahara, en þar býr næstum helmingur allra barna sem deyja innan við fimm ára gömul. Þar deyja yfir 12 prósent allra barna áður en þau verða fimm ára.

Eitt af því sem mestu hefur skilað í baráttu gegn barnadauða er átak í bólusetningu við mislingum. Frá árinu 2000 hefur börnum sem deyja úr mislingum fækkað um 78 prósent, úr 750.000 börnum á ári árið 2000 í innan við 164.000 börn árið 2008. Mest dró úr mislingum í Afríku sunnan Sahara.

Í Svíþjóð, eins og í flestum efnuðum löndum heims, hefur almenn bólusetning við mislingum tíðkast frá upphafi níunda áratugarins. Að það skyldi taka yfir 20 ár að verja börn í fátækum löndum gegn þessum sjúkdómi þótt bóluefni hafi verið til allan þennan tíma, er auðvitað dapurlegt.

BARNADAUÐI, FRAMFARIR OG AFTURFÖR:

FJÖLDI BARNNA SEM DEYR FYRIR FIMM ÁRA ALDUR

	1990	2010
Haítí	15 %	16 %
Simbabve	8 %	8 %
Sómalía	18 %	18 %
Kamerún	14 %	14 %
Suður-Afríka	6 %	6 %
Lesótó	9 %	9 %
Mið-Afríku- lýðveldið	17 %	16 %
Austur-Kongó	18 %	17 %
Máritanía	12 %	11 %
Kenía	10 %	8 %
Tsjad	21 %	17 %

DÆMI UM MIKLAR FRAMFARIR FRÁ 1990,

	1990	2010
Níger	31 %	14 %
Malaví	22 %	9 %
Líbería	23 %	10 %
Austur-Tímor	17 %	5 %
Sierra Leone	28 %	17 %
Madagaskar	16 %	6 %
Bangladess	14 %	5 %
Laos	14 %	5 %
Maldíveyjar	10 %	2 %
Mósambík	22 %	14 %
Tansanía	15 %	8 %

Heimild: UN Inter-agency Group for Child Mortality Estimation – www.childmortality.org

KONUR OG HEILSA KVENNA ERU VANRÆKT

Fyrir flestar fjölskyldur eru barneignir einn af hápunktum lífsins og uppspretta ástar og hamingju. En fyrir margar konur fylgja meðgöngu og barnsburði líka áhyggjur og stundum lífshætta.

Tölur sýna að nærri 1.000 konur láta lífið á hverjum degi vegna meðgöngu og barnsburðar. Þar eru meðtaldar óöruggar fóstureyðingar og fylgikvillar vegna ónógrar umönnunar í sambandi við fæðingar.

Til að draga úr mæðradauða er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á fyrirbyggjandi mæðravernd, menntun ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, ásamt fjármagni til bráðahjálpar mæðra og heilbrigðismála almennt. Rannsóknir sýna að með því mætti koma í veg fyrir allt að 80 prósent þessara dauðsfalla.

Samkvæmt mati Mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, væri hægt að koma í veg fyrir þriðja hvert dauðsfall ef konur þekktu til getnaðarvarna og hefðu aðgang að þeim. Talið er að á hverju ári láti 47.000 konur lífið af völdum óöruggra fóstureyðinga.

Þessi mikli mæðradauði er eitt skýrasta dæmið um muninn á lífskjörum í fátækum og ríkum löndum. Næstum 99 prósent dauðsfalla sem tengjast meðgöngu og barnsburði eru í þróunarlöndunum. Verst er þó ástandið í löndum eins og Afganistan, Níger og Síerra Leóne, en þar lýkur meðgöngu nær tveggja prósentu kvenna með því að konan deyr. Í Svíþjóð og á Íslandi er þetta hlutfall innan við 0,03 prómill.

Þó nýjustu tölur sýni nokkrar framfarir eru meðganga og barnsburður enn afar áhættusöm í mörgum löndum. Þetta endurspeglar hve konur og heilsa þeirra eru lítils metin í stórum hlutum heimsins.

Um allan heim er konum synjað um réttindi sem ættu að vera sjálfsgöð, það á ekki bara við um heilbrigðisviðið. Í öllum löndum heims eru tekjur kvenna t.d. lægri en tekjur karla. Þótt hærra hlutfall barna njóti menntunar en áður, eru drengir sem ganga í skóla ennþá fleiri en stúlkurnar.

Konur hafa heldur ekki sömu tækifæri og karlar til áhrifa í stjórnámálum – í þróunarlöndunum eru ekki nema 18 prósent þingmanna þjóðþinganna konur. Að þessu leyti er þó ekki mikill munur á fátækum löndum og ríkum, en í ríkum löndum eru 23 prósent allra þingmanna konur.

ALNÆMI – HELSTA DÁNARORSÖK FULLORDINNA Í AFRÍKU

Síðan fyrstu alnæmistilfellingin voru greind í upphafi níunda áratugarins hefur faraldurinn magnast gífurlega. Í dag lifa um það bil 34 milljónir manna með HIV og á hverju ári smitast 2,7 milljónir til viðbótar. Á hverju ári láta um 1,8 milljónir lífið af völdum alnæmis.

Verst er ástandið í Afríku sunnan Sahara, en þar eru um 23 milljónir HIV-smitaðar. Þar er alnæmi einnig algengasta dánarorsök fullorðinna. Skortur á heilbrigðisþjónustu er stórt vandamál í þessum heimshluta. Þótt 12 prósent íbúa jarðarinnar búi í Afríku sunnan Sahara, starfa ekki nema 3 prósent af heilbrigðisstarfsfólki heimsins á svæðinu.

Til að stöðva útbreiðslu HIV og lengja líf þeirra sem þegar eru smitaðir þarf umfangsmiklar aðgerðir – ekki bara til að bæta meðferð, heldur líka til að auka þekkingu á smitleiðum veirunnar og hvernig hægt er að verjast smiti. Undanfarin ár hefur aðgengi að alnæmislyfjum orðið betra og nú er hægt að lifa lengur með HIV-smit án þess að veikjast af alnæmi.



Í dag er hægt að lifa nánast eðlilegu lífi þrátt fyrir HIV-smit, með réttri meðferð. Í dag taka yfir 6,6 milljónir manna í lág- og meðaltekjulöndum alnæmislyf – meira en tífalt fleiri en fyrir fimm, sex árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi, UNAIDS, var samtals 15 milljörðum dala varið í baráttu gegn HIV-faraldrinum á fyrsta áratug þessarar aldar, og er þá bæði alþjóðleg aðstoð og framlag heimamanna talið með. Til þess að geta veitt öllum sem lifa með HIV stuðning og meðferð þarf þó að auka þessa aðstoð verulega. 15 milljarðar dala á ári hljómar kannski sem miklir fjármunir, en þá má minna á að það er álíka mikið og ríkisstjórnir heimsins verja til hermála á einungis þremur til fjórum dögum.

»Þótt 12 prósent íbúa jarðarinnar búi í Afríku sunnan Sahara, starfa ekki nema 3 prósent af heilbrigðisstarfsfólki heimsins á svæðinu.«

LOFTSLAGSBREYTINGAR GETA HINDRAÐ ÞRÓUN

Eitt brýnasta úrlausnarefnið í heiminum í dag er að stöðva hlýnun jarðar. Þetta málefni hefur verið ofarlega á dagskrá árum saman en enn hefur ekki náðst skuldbindandi samkomulag á hnattvísu sem talið er nægja til að draga úr hættulegri losun. Staðreyndin er að árið 2010 var losaður meiri koltvísýringur en nokkru sinni fyrr, en aðeins hafði dregið úr losun í efnahagskreppunni árið 2009.

Það eru án efa ríkustu löndin sem bera ábyrgð á stöðu mála í dag og Bandaríkin eru það land sem losar mestan koltvísýring. Hlutdeild landa eins og Kína og Indlands í losun á hnattvísu fer þó sívaxandi.

Spurningin er ekki hvort, heldur hversu mikið þarf að draga úr losun. Margir vísindamenn telja að minnka þurfi losunina um helming fram til ársins 2050, miðað við losun árið 1990. En vandinn er bara sá að í dag losum við 40 prósent meira af hættulegum gróðurhúsalofttegundum en við gerðum árið 1990.

Hlýnun jarðar ógnar til lengri tíma litið mannkyninu öllu, en það þarf ekki nema lítilsháttar hækkun á hitastigi til að stofna þróuninni í hættu – sérstaklega í fátækum löndum. Flóð, vatnsskortur, minni matvælaframleiðsla og hærra matvæleverð – vandamál sem nú þegar valda mikilli hungursneyð – eru meðal þeirra afleiðinga sem ógna þróun í mörgum fátækum löndum.

Í ársskýrslum Sameinuðu þjóðanna um þróun lífskjara (UNDP:s Human Development Reports) frá árunum 2008 og 2011 er fjallað um nýjar rannsóknir um neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga. Það eru auðvitað fátækustu löndin sem eru líkleg til að verða verst úti. Það er að hluta til vegna þess að í þessum löndum má minna út af bera og þau hafa minna mótstöðuafli og minna fjármagn til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. En einnig vegna þess að þessi lönd eiga nú þegar við erfiðleika að etja vegna umhverfistengdra hamfara.

Áhrif loftslagsbreytinga á þróun í heiminum

- **Flóð.** Hlýrra loftslagi fylgir hækkandi sjávarborð með flóðum í kjölfarið. Sum lönd, eins og Maldíveymar, gætu átt á hættu að sökkva algjörlega í sæ.
- **Vatnsskortur.** Bráðnun jökla veldur ekki einungis hækkun sjávarstöðu, heldur gæti hún leitt til aukins skorts á hreinu drykkjarvatni. Samkvæmt ársskýrslu um lífsskjarþróun frá árinu 2008 gæti skortur á hreinu drykkjarvatni náð til hundruða milljóna manna, einkum í Mið-Asíu, Kína og Indlandi, þegar jöklarnir í Himalajafjöllum bráðna.
- **Minni matvælaframleiðsla.** Hlýrra loftslag hefur áhrif á úrkomu, hitastig og aðgang að vatni fyrir landbúnað. Það hefur því einnig áhrif á fæðuöryggi á svæðum sem eru fátæk fyrir. Til eru útreikningar sem spá því að hækkun

hitastigs geti leitt til allt að 25 prósent minni uppskeru í Afríku sunnan Sahara. Uppskera nytjaplantna sem þurfa á miklu regni að halda, gæti minnkað um allt að 50 prósent.

- **Sjúkdómahætta.** Með hlýrra loftslagi er hættu á að sjúkdómar breiðist út til nýrra svæða. Þeim sem eiga á hættu að smitast af malaríu gæti þannig fjölgað um mörg hundruð milljónir, en það er sjúkdómur sem nú þegar kostar yfir milljón mannslíf á hverju ári.
- **Hrun vistkerfa.** Líffræðilegri fjölbreytni er ógnað og margar tegundir eru í útrýmingarhættu, bæði á landi og í höfum heimsins. Nú þegar hefur um helmingur kóralrífa í heiminum skemmst vegna svokallaðrar fölnunar af völdum hærra hitastigs sjávar.

Það er sterk fylgni milli fátæktar og dauðsfalla af umhverfistengdum orsökum, því fátækara sem landið er, því meiri er hættan á að deyja af völdum slæms ástands í umhverfismálum. Sem dæmi má nefna að nærri tvær milljónir manna deyja árlega vegna loftmengunar innanhúss, sem rekja má til þess að ekki eru til nútíma eldavélar og matseld fer því fram yfir opnum eldi.

Í Ársskýrslu um þróun lífsskjara (Human Development Report) frá árinu 2011 kemur einnig fram að rekja megi helming vannæringar í heiminum ásamt helmingi barnadauða til umhverfistengdra orsaka. Þar er t.d. um að ræða matarskort, þurrka, flóð og vatnsskort – þættir sem hætta er á að versni enn frekar með breyttu loftslagi.

Ef ekki verður meira að gert til að sporna gegn hlýnun jarðar, er hættu á að verulega hægi á þróun í vanþróuðustu löndunum. Miðað við verstu hugsanlegu aðstæðurnar sem dregnar eru

upp í skýrslunni, gæti þróunin stöðvast alveg og jafnvel gengið til baka.

ÁHRIF FJÁRMÁLAKREPPU GETA ORÐIÐ LANGVINN

Fjármálakreppan á árunum 2008 og 2009 hafði áhrif á lönd og fólk um allan heim. Þótt mörg ríku landanna hafi hlotið versta skellinn í upphafi, þegar loka þurfti verksmiðjum og fyrirtækjum með atvinnuleysi í kjölfarið, urðu afleiðingar kreppunnar þó á endanum þyngrri fyrir fátæku löndin, þar sem bágindi fólks voru nóg fyrir.

Sú hagstæða efnahagsþróun sem staðið hefur undanfarin 10-15 ár í mörgum fátækum löndum stöðvaðist í mörgum tilvikum vegna fjármálakreppunnar. Afríka slapp þó tiltölulega vel samanborið við aðra heimshluta og ekki er útlit fyrir að kreppan muni draga úr hagvexti á svæðinu til langframa. Þróunaraðstoð Íslendinga dróst saman um 40 prósent eftir efnahagshrunið 2008.



Ljósmynd: UN/Photo: Tim McKulka

En þótt Afríku í heild hafi ekki farið aftur efnahagslega, hægði þó á hagvexti í flestum löndunum vegna kreppunnar. Fjármagnið sem hagvöxturinn skapar er nauðsynlegt til að draga úr barnadauða, bæta heilsufar og efla menntun, og því geta afleiðingarnar orðið mjög alvarlegar. Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur efnahagskreppan bæði umfangsmiklar og langvinnar afleiðingar fyrir möguleikana til að uppfylla þúsaldarmarkmiðin. Hægt hefur á baráttu gegn fátækt, og talið er að það breytist ekki í bráð. Árið 2020 munu 70 milljónum fleiri lifa í örbirgð en verið hefði ef efnahagskreppan hefði ekki komið til.

Einnig er gert ráð fyrir að kreppan hafi áhrif til skamms tíma. Minni hagvöxtur getur orðið til þess að árið 2015 gangi 350.000 færri börn í skóla en áður og að 100 milljónir til viðbótar muni skorta hreint drykkjarvatn. Einnig er líklegt að hægar dragi úr dánartíðni barna og því getur svo farið að fram til ársins 2015 muni 1,2 milljarðar barna deyja, sem ella hefðu lifað.

HÆGIR Á ALÞJÓÐLEGU FJÁRMAGNSFLÆÐI

Þegar alþjóðleg kreppa ríkir, eykst þörfin fyrir alþjóðlegt fjármagnsflæði á borð við erlendar fjárfestingar og þróunaraðstoð, en því miður hafði kreppan einnig neikvæð áhrif á það.

DREGUR ÚR FJÁRFESTINGUM

Beinar erlendar fjárfestingar drógust saman um 30 prósent árið 2009, beinlínis vegna kreppunnar. Þetta hefur þó að nokkru leyti gengið til baka, en sennilega munu líða nokkur ár áður en fjárfestingar verða aftur sambærilegar því sem var fyrir kreppuna.

Þetta getur komið hart niður á Afríku. Áhættan við fjárfestingar hefur ekki aukist meira í Afríku en annars staðar í heiminum, en þar sem almennt er talið áhættusamara að fjárfesta í Afríku jafnframt því sem dregið hefur úr áhættusækni í fjármálum, getur álfan orðið sérstaklega illa úti.

»Beinar erlendar fjárfestingar drógust saman um 30 prósent árið 2009, beinlínis vegna kreppunnar.«

INNFLYTJENDUR SENDA MINNI PENINGA HEIM

Peningar sem farandverkafólk sendir til heimalanda sinna hefur orðið æ mikilvægari tekjulind fyrir mörg fátæk lönd. Í alþjóðlegri kreppu dregur þó úr slíkum peningasendingum þar sem auðveldast er að segja upp erlendu vinnuafli þegar gripið er til hópuppsagna og niðurskurðar.

ÞRÓUNARAÐSTOÐ DREGST SAMAN

Fyrir fjölda fátækra landa er þróunaraðstoð mikilvæg tekjulind. Mörg ríki sem veita slíka aðstoð lentu í miklum efnahagsþrengingum vegna kreppunnar og það hefur haft áhrif á aðstoðina. Árið 2011 dró úr þróunaraðstoð á heimsvísu í fyrsta skipti í 15 ár. En neikvæðra áhrifa fór að gæta strax árið 2010 og hækkinin varð ekki eins mikil og lofað hafði verið. Sem dæmi má nefna að þróunaraðstoð Svía dróst saman um 7 prósent árið 2010.



ÞÚSALDARMARKMIÐIN

Árið 2000 urðu leiðtogar heimsins sam-
mála um átta mælanleg og tímasett
þróunarmarkmið til að draga úr fátækt í
heiminum – hin svokölluðu þúsaldar-
markmið. Árið 2015 á markmiðunum að
vera náð en nú þegar er farið að tala um
næstu þróunardagskrá á hnattvísu. Það
getur verið gott að sameinast um
sameiginleg markmið og loforð til að
 tryggja að mikilvæg vandamál gleymist
ekki, en það er ekki síður mikilvægt að
stjórnámálamenn og aðrir valdamenn séu
sífellt minntir á að þeir verða að standa
við gefin loforð.

Fyrir þúsaldamótin var sterkur vilji meðal leiðtoga heimsins að taka þessi brýnu hnattrænu vandamál föstum tökum. Kalda stríðinu var lokið og í stað þess að einblína á valdajafnvægi í heiminum var nú orðið tímabært að útrýma fátækt, hungri og smitsjúkdómum. Einnig var vilji til að stuðla að öruggari og friðsamlegri heimi þar sem löndin gætu lifað og þróast í sátt og samlyndi.

»Þrátt fyrir endurtekin fyrirheit um meiri og betri aðstoð hefur mörgum löndum ekki tekist að standa við gefin loforð.«

Á grundvelli fyrirheita og yfirlýsinga frá leiðtogafundum tíunda áratugarins, sammæltust leiðtogar heimsins því um svokallaða Þúsaldar-yfirlýsingu og á grundvelli hennar voru síðan sett fram átta tímasett og mælanleg markmið – þúsaldarmarkmiðin.

Þúsaldarmarkmiðin átta (e: Millennium Development Goals, MDG) eiga að nást fyrir árið 2015, miðað við ástandið eins og það var árið 1990. Þegar talað er um að minnka skuli fátækt í heiminum fyrir árið 2015, er því gengið út frá fátækt eins og hún var árið 1990.

Undir hvert markmið heyrja undirmarkmið og viðmið sem auðvelda mælingar og samanburð á því hvernig starfinu vindur fram. Hlutdeild kvenna á þjóðþingum heimsins er dæmi um viðmið fyrir þriðja þúsaldarmarkmiðið, það sem fjallar um að auka jafnrétti.

Nánari upplýsingar um þúsaldarmarkmiðin og hvernig gengur að ná þeim er að finna á www.millenniemaalen.nu (www.2015.is)

NÆSTUM ÖLL MARKMIÐIN NÁLGAST

Ef við reynum að átta okkur á hvert stefnir á hnattvísu sést að miklar framfarir hafa orðið og að þróunin stefnir í rétta átt fyrir næstum öll markmiðin. Vorið 2012 tilkynnti Alþjóðabankinn, sem ber ábyrgð á staðtölum um fátækt í heiminum, að hlutamarkmiði um að minnka örbirgð um helming væri náð á hnattvísu, löngu fyrir 2015. Samkvæmt tölum Alþjóðabankans hefur þeim sem lifa í örbirgð – hafa um 200 krónur á dag til að lifa á – fækkað um 600 milljónir miðað við árið 1990 (úr 1,9 í tæplega 1,3 milljarða). Hafa þarf í huga að jarðarbúum hefur fjölgað á þessu tímabili og því þýðir þetta að hlutfall þeirra sem lifa í örbirgð hefur minnkað úr rúmum 40 prósentum í rúm 20 prósent.

Í mars árið 2012 var einnig tilkynnt að hlutamarkmið um hreint vatn hafi líka náðst og að nær 90 prósent jarðarbúa hafi nú aðgang að hreinu vatni. Árið 1990 var þetta hlutfall 77 prósent. Þessar umbætur fela í sér heilbrigðara líf fyrir milljónir manna!

Þú ert þegar búin að lesa um að æ fleiri börn komist í skóla í dag, að fleiri börn lifa það að verða fimm ára og að HIV-faraldurinn er meira að segja á undanhaldi.

Ekki gengur jafnvel með sjöunda markmiðið – að tryggja sjálfbæra þróun í umhverfismálum – og sama gildir um áttunda markmiðið, en það beinist einkum að ríku löndunum. Þrátt fyrir endurtekin fyrirheit um meiri og betri þróunaraðstoð hefur mörgum löndum ekki tekist að standa við gefin loforð. Einnig hefur dregið úr viðskiptum við fátæku löndin í kjölfar efnahagskreppunar.

HVER ERU ÞÚSALDARMARKMIÐIN?

1. DRAGA ÚR FÁTÆKT OG HUNGRI UM HELMING.
2. ÖLL BÖRN NJÓTI GRUNNSKÓLAMENNTUNAR.
3. VINNA AÐ JAFNRÉTTI KYNJANNA.
4. LÆKKA DÁNARTÍÐNI BARNNA UM TVÖ ÞRIÐJU.
5. VINNA AÐ BÆTTU HEILSUFARI KVENNA OG LÆKKA DÁNARTÍÐNI VEGNA BARNSBURÐAR.
6. BERJAST GEGN ALNÆMI, MALARÍU OG ÖÐRUM SJÚKDÓMUM.
7. VINNA AÐ SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN.
8. EFLA ÞRÓUNARSAMVINNU, VIÐSKIPTI OG NIÐURFELLINGU SKULDA.



Þegar á heildina er litið má merkja framfarir hvað varðar öll þúsaldarmarkmiðin – þróunin hefur þó verið misjöfn og ekki alltaf nýst þeim allra fátækustu.

ÞRÓUNINNI ER MISSKIPT

Þúsaldarmarkmiðin gilda fyrir allan heiminn og það var aldrei ætlunin að hvert land fyrir sig ætti að ná öllum markmiðunum fyrir árið 2015.

Fyrir fátækt og fjölmennt land í miklum þróunarvanda er vitaskuld torveldara að ná markmiðunum en fyrir land þar sem vandamálin eru færri og fjárhagur betri.

Sjá má að Kína – þar sem hefur verið gífurlegur hagvöxtur undanfarinn áratug – er það land sem hefur náð hvað bestum árangri í að draga úr fátækt. En við megum ekki gleyma því að í Kína lifa enn hundruð milljóna í örbirgð. Fólk sem hefur ekki notið góðs af framförunum.

Nánast tveir þriðju þeirra jarðarbúa sem lifa í örbirgð búa nú í þeim löndum sem við köllum meðaltekjulönd (meiri fróðleik um flokkun landa er að finna aftar í bókinni).

Það er því munur bæði milli landa og innan þeirra á því hvernig hefur gengið að ná þúsaldarmarkmiðunum.

Vegna þess að þúsaldarmarkmiðin miðast við hlutfall en ekki fjölda, er stundum erfitt að bera saman árangurinn; fátækt og hungur á að minnka um helming, dánartíðni barna að lækka um tvo þriðju og dánartíðni vegna þungunar eða barnsburðar um þrjá fjórðu.

Þessi viðmiðun felur í sér að lönd þar sem fátækt er útbreidd og dánartíðni barna og mæðra há, þurfa að ná enn meiri árangri til þess að það komi fram í tölfræðinni. Oft eykur

fjölgun íbúanna einnig á vandann. Vegna stöðugar mannfjölgunar er öflugri aðgerða þörf – sem ná til fleira fólks – ef minnka á fátækt í heiminum um helming.

»Nánast tveir þriðju þeirra jarðarbúa sem lifa í örbirgð búa nú í löndum sem við köllum meðaltekjulönd.«

Eins og áður var nefnt miðast markmiðin við heiminn allan og þau voru sett á grundvelli fyrri þróunar. Löndum eins og Bangladess og Egyptalandi hefur þegar tekist að ná markmiðinu um að draga úr dánartíðni barna, en það myndi t.d. taka Búrkína Fasó 140 ár að ná markinu, miðað að þróunin verði áfram á sama hraða og nú.

Með þetta í huga er mikilvægt að átta sig á því að öll þróun gengur út frá staðbundnum þörfum og forsendum og að það eru fleiri en ein leið fær til að leysa tiltekið vandamál.

HVERS VEGNA ERU MÆLANLEG MARKMIÐ MIKILVÆG?

Með því að ná saman um sameiginleg markmið sem eru mælanleg og tímasett, hafa leiðtogar heimsins skuldbundið sig til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að ná markmiðunum. Margir – bæði ríkisstjórnir, samtök og stofnanir – hafa einnig lýst því að þúsaldarmarkmiðin hafi nýst þeim vel til að forgangsraða og gera aðgerðir markvissari. Þúsaldarmarkmiðin hafa einnig komið að góðu gagni, bæði við að virkja pólitískan vilja og afla fjár.

»Að minnka fátækt um helming er bara áfangi en lokatakmarkið er að sjálfsögðu að útrýma örbirgð.«

Þótt heimurinn nái ekki á leiðarenda – að uppfylla öll markmiðin fyrir árið 2015 – hafa þúsaldarmarkmiðin átt þátt í að halda brýnustu þróunarmálunum á dagskránni.

HVAÐ GERIST EFTIR 2015?

Mikilvægt er að hafa hugfast að þúsaldarmarkmiðunum var ekki ætlað að leysa – í eitt skipti fyrir öll – öll vandamál heimsins. Að minnka fátækt um helming er t.d. bara áfangi en lokamarkmiðið er að sjálfsögðu að útrýma örbirgð.

Það verður því áfram unnið að því að leysa vandamálin sem lýst er í þúsaldarmarkmiðunum eftir árið 2015. Flest lönd eru nefnilega sammála um að sameiginleg þróunarstefna hafi gefist vel. Þess vegna eru viðræður um þróunarmarkmið næstu kynslóðar þegar komnar á fulla ferð. Eru einhverjir málaflokkar sem voru ekki með í þúsaldarmarkmiðunum og ætti að bæta við núna? Hvernig á að gera löndin ábyrg fyrir loforðunum og hver á að annast skýrslugerð um framvinduna? Hvað hefur gefist vel og hvað má gera betur?

Í augnablikinu lítur út fyrir að markmið næstu kynslóðar muni beinast meira að sjálfbærni

þróun og nú er talað um þróunarmarkmið (e: Sustainable Development Goals, SDG), en ekki þúsaldarmarkmið (e: Millenium Development Goals, MDG) eins og áður. Hingað til hefur efnahagsþróunin, sem gerði kleift að leggja fé í heilsugæslu og menntun, nánast ávallt haft í för með sér aukin umhverfisspjöll. Með aukinni áherslu á sjálfbærni er vonast til að hægt verði að efla þróun lífskjara án þess að það verði á kostnað sameiginlegs umhverfis okkar og framtíðar.

Þjóðarleiðtogar heims hafa þó gefið til kynna að þúsaldarmarkmiðin verði ekki gefin upp á bátinn og hugmyndin er að ný þróunarmarkmið komi til viðbótar fyrri loforðum.

UMRÆÐUEFNI: NÁUM VIÐ MARKMIÐUNUM?

- Heldur þú að okkur muni takast að ná þúsaldarmarkmiðunum? Ef ekki – hvað heldur þú að hindri það?
- Eru einhver markmið sem erfiðara er að ná en öðrum? Hvers vegna?
- Er einhver málaflokkur eða svið sem þér finnst að eigi að vera með í þróunarmarkmiðum næstu kynslóðar?







Leiðin framundan

Þótt leiðtogar heimsins séu sammála um að kappkosta að ná þúsaldarmarkmiðunum og berjast gegn fátækt, er ekki þar með sagt að allir séu sammála um hvernig það á að gerast. Hér kemur til kasta stjórnmála, hugmyndafræði og ólíkra hagsmuna.

Endanleg ábyrgð á að stuðla að þróun og uppfylla þúsaldarmarkmiðin hvílir vitaskuld á ríkisstjórnnum einstakra landa. Einungis þær geta tekið ákvarðanir um hvernig á að skipta og nýta fjármuni ríkisins.

Það eru heldur engin einföld og einhlít svör við því hvaða aðgerða er þörf í löndum þar sem á að styrkja þróun. Það er misjafnt frá einu landi til annars og er háð þörfum og forsendum hvers lands fyrir sig. Það kemur þó alltaf í hlut landanna sjálfra að taka ákvarðanir um eigin þróun og stefnumörkun. En það er einnig mikilvægt að benda á að mörg lönd þurfa á stuðningi umheimsins að halda ef þeim á að takast að draga úr fátækt og uppfylla þúsaldarmarkmiðin.

»Endanleg ábyrgð á að stuðla að þróun og ná þúsaldarmarkmiðunum hvílir vitaskuld á ríkisstjórnnum einstakra landa.«

Hugmyndin með þúsaldarmarkmiðunum er að deila ábyrgðinni á þróun heimsins milli ríkra og fátækra landa. Samstarfið, og dreifing ábyrgðar, varð meira að segja sjálfstætt þúsaldarmarkmið – áttunda markmiðið. Í því felst m.a. að ríku löndin þurfa að auka þróunaraðstoð og gera hana skilvirkari, breyta um stefnu í viðskiptamálum og halda áfram á þeirri braut að fella niður skuldir fátækustu landanna. Árið 2002 setti Kofi Annan, þáverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á fót starfshóp – Þúsaldarverkefnið – en hlutverk hans var að semja raunhæfa framkvæmdaáætlun til að ná

þúsaldarmarkmiðunum. Í lokaskýrslu verkefnisins voru kynnt fjölmörg verkefni sem bæði rík og fátæk lönd þurfa að hrinda í framkvæmd ef uppfylla á þúsaldarmarkmiðin.

ÞAÐ SEM FÁTÆKU LÖNDIN ÞURFA AÐ GERA TAKA UPP METNAÐARFULLA STEFNU Í PRÓUNARMÁLUM

Í þróunarstefnu landanna verður að leggja meiri áherslu á langtímaaðgerðir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla þúsaldarmarkmiðin – í stað þess að horfa einungis til þess hversu langt sé hægt að komast með þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar í dag. Breytt áætlanagerð leiðir til þess að hugsað er til lengri tíma og leiðir jafnframt í ljós hversu mikla fjármuni vantar.

LEGGJA ÁHERSLU Á LÝÐRÆÐISLEGA SAMFÉLAGSSTJÓRNUN

Veikar lýðræðislegar stofnanir geta oft hamlað þróun. Það er vegna þess að hvorki fyrirtæki né hjálparstofnanir hafa áhuga á að fjárfesta í landi sem getur ekki tryggt að fjármuninum sé vel varið og að þeir hverfi ekki, t.d. vegna spillingar. En vandamál fátækra landa eru ekki bara spilltir leiðtogar þótt þeir séu vissulega til. Algengasta vandamálið sem fylgir veikri eða ólýðræðislegri stjórn er að ríkisstofnanir eru of fjárvana til að halda uppi lögum og reglu og uppfylla grunnþarfir íbúanna. Ef opinberir starfsmenn geta ekki lifað á launum sínum, skapast líka jarðvegur fyrir spillingu. Á sama hátt dregur úr réttaröryggi ef ekki er til fjármagn til að mennta lögreglu og ráða hæft fólk til starfa í dómskerfinu.

Lönd sem leitast við að efla lýðræðislegar stofnanir þurfa oft á utanaðkomandi aðstoð og stuðningi að halda, t.d. frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP.

EFLA ÞÁTTÖKU SAMFÉLAGSINS OG EINKAGEIRANS

Reynslan sýnir að öflug samfélagsvitund skiptir miklu fyrir þróunina. Bæði til að knýja á um jafnari skiptingu auðæfa landsins og einnig til að almenningur geti hrint af stað þróunarverkefnum, t.d. á sviði menntunar eða í heilbrigðismálum.

Efling atvinnulífs innanlands skiptir einnig gífurlegu máli. Fyrirtæki í fátækum löndum hafa í grundvallaratriðum sömu þarfir og fyrirtæki í okkar heimshluta: einföld og skýr lög og reglur, skilvirkt bankakerfi, menntað starfsfólk og markað fyrir vörurnar. Með réttum forsendum geta fyrirtækin skapað störf og haft jákvæð áhrif á þróun í landinu.

VIRKJA FJÁRMAGN INNANLANDS

Lágttekjulönd þurfa að auka tekjur sínar. Skatttekjur gera ríkjum kleift að taka þátt í fjárfestingum sem eru nauðsynlegar til að styrkja þróun í landinu.

ÞIGGJA UTANAÐKOMANDI AÐSTOÐ ÞEGAR Á ÞARF AÐ HALDA

Stundum eru þó ekki til nægilegir fjármunir í landinu til að hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd. Þegar innlent fé nægir ekki – þótt viðkomandi land hafi gripið til allra ráða til að

koma efnahagslífinu í gang – hefur umheimurinn heldur engin rök fyrir því að koma ekki til aðstoðar með aukinni þróunarhjálp og samstarfi.

ÁBYRGÐ RÍKU LANDANNA:

MEIRI OG BETRI ÞRÓUNARAÐSTOÐ

Í yfir 40 ár hefur ríkt samkomulag um að ríku löndin ættu að verja 0,7 prósentum af vergum þjóðartekjum sínum til þróunaraðstoðar.

Ríkisstjórnir ríku landanna hafa hvað eftir annað undirritað yfirlýsingar um þetta markmið. Árið 2011 höfðu þó aðeins fimm lönd staðið við þetta loforð: Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Lúxemborg og Holland. Það var nokkuð langt í næsta land í röðinni, Bretland, en framlag þess var 0,56 prósent. Framlag Íslands nemur 0,26 prósentum af þjóðartekjum.

Þótt aukin þróunaraðstoð nægi ekki til að koma á varanlegum breytingum í fátækustu löndunum er aðstoðin í mörgum tilvikum algerlega ómissandi til að þróun komist yfirleitt í gang.

Margir útreikningar sýna að tvöfalda þarf aðstoðina miðað við stöðuna í dag til að ná þúsaldarmarkmiðunum. Þó er gott að hafa í huga að hér er ekki um að ræða neinar stjarnfræðilegar upphæðir. Til að tvöfalda framlag til þróunarmála þyrftu ríku löndin að meðaltali að verja til þeirra um 0,6 prósentum af vergum þjóðartekjum sínum, sem er enn undir 0,7 prósentunum sem þegar var búið að lofa.

Einnig er vert að hafa hugfast að Vesturlandabúar verja á hverju ári miklu meira fé í hluti eins og landbúnaðarstyrki heima fyrir, vígbúnað og tóbak en í þróunaraðstoð.

»Á Vesturlöndum eyðum við á hverju ári miklu meira fé í hluti eins og landbúnaðarstyrki heima fyrir, vígbúnað og tóbak en í þróunaraðstoð.«

En það er fleira en upphæð aðstoðarinnar sem skiptir máli, gæðin eru ekki síður mikilvæg. Í svokallaðri Parísaryfirlýsingu frá árinu 2005 skuldbundu stuðningsríki og viðtökuríki sig til að bæta aðstoðina. Þrátt fyrir fjölda alþjóðlegra leiðtoga fundu er enn langt í land, ekki síst fyrir stuðningsríkin, þegar kemur að því að standa við skuldbindingar um betri og samræmdari aðstoð sem gagnast fátæku fólki.

RÉTTLÁTARI VIÐSKIPTI TIL AÐ EFLA ÞRÓUN FÁTÆKRA LANDA

Oft eru viðskipti drifkraftur þróunar og hagvaxtar og þau hafa átt þátt í að lyfta mörgum löndum úr fátækt. Undanfarin ár hefur athyglin beinst æ meir að hnattrænum viðskiptum í tengslum við kröfur um réttlátari heim. Það er ekki síst vegna þess að kerfið sem nú er við lýði er óhagstætt stórum hluta heimsins.

Undanfarin ár hafa kröfur um að gera þurfi hið alþjóðlega viðskiptakerfi réttlátara orðið æ hávæðari. Sumir telja að í réttlátu kerfi eigi allir að hafa sömu tækifæri til að keppa á alþjóðlegum markaði en til að svo megi verða þarf að lækka tollmúra. Aðrir telja að ganga þurfi enn lengra og koma á viðskiptakerfi á forsendum fátæku landanna, þannig að lönd sem standa höllum fæti geti verndað hagkerfi sín og markaði meðan þau eru að ná sér á strik, á svipaðan hátt og Svíar og Íslendingar gerðu áður fyrir.

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) stendur fyrir samningaviðræðum um aukna þátttöku fátæku landanna í viðskiptum. Viðræðurnar, sem kenndar eru við borgina Doha í Katar, hófust árið 2001, en þeim hefur lítt miðað áfram undanfarin ár. Ástæðan er sú að ríku og fátæku löndin hafa ekki komið sér saman um hversu hratt á að opna markaði fátæku ríkjanna fyrir erlendum fyrirtækjum. Fátæku löndin krefjast þess ennfremur að ríku löndin hætti að styrkja innlenda landbúnaðarframleiðslu og niðurgreiða útflutning með gífurlegri ríkisaðstoð sem gerir fátæku löndunum erfitt um vik að keppa með vörur sínar.

Í ljósi þess hve hægt gengur að koma á alþjóðlegum samningi hafa í staðinn verið gerðir margir svæðisbundnir og tvíhliða viðskipta-samningar. Mörg fátæk lönd og samtök almennings telja þó að oft skorti þróunarsjónarmið í þessa samninga. Mikilvægt er að umræður um réttlát viðskipti einskorðist ekki við tolla og viðskiptahöft. Þróunarlöndin verða einnig að fá pólitískt svigrúm til að ákveða sjálf hvaða stefna gagnist þróuninni best, í stað þess að þvinga þau inn í fyrirfram ákveðið kerfi.


Annað stórt vandamál er fjármagnsflóttinn sem á sér stað þegar erlend fyrirtæki flytja út hagnað sinn af verksmiðjum og atvinnustarfsemi í fátækum löndum án þess að greiða af honum skatt. Samkvæmt nýjum tölum er um að ræða tífalt hærri upphæð en löndin þiggja í þróunaraðstoð.

NIÐURFELLING SKULDA

Mörg fátækustu landa heimsins eru stórskulduð og það hefur hamlað þróun í löndunum. Mörg







þeirra greiða margfalt meira í vexti og afborganir af gömlum lánum til ríku landanna en þau fá í þróunaraðstoð.

Frá aldamótum hafa umræður um þróunarmál snúist æ meir um skuldir. Margir – ekki síst frjáls félagasamtök – telja til dæmis að ekki sé ástæða til að greiða þessar skuldir til baka vegna þess að lánin voru tekin af ólýðræðislegum leiðtogum og komu íbúunum sjaldan til góða. Að mati frjálsra félagasamtaka þurfa reglur um ábyrga lánastarfsemi og lántökur að vera skýrari.

Áherslan á skuldamálin er að miklu leyti til komin vegna herferða sem fjöldahreyfingar um allan heim hafa hrint af stað. Fyrir aldamótin tókst fjölmennri hreyfingu almennings að safna yfir 20 milljónum undirskrifta á áskorun um að fella niður skuldir fátækustu ríkja heims.

Herferðin bar árangur: Alþjóðabankinn kynnti svokallað HIPC-verkefni um niðurfellingu skulda fátækustu landa heims (HIPC er skammstöfun á Heavily Indebted Poor Countries) til að létta skuldabyrði skuldsettustu landanna. Þetta verkefni var mikilvægt skref í rétta átt og árið 2005 var gerð samþykkt um enn frekari niðurfellingu skulda, sem þýddi að einnig var hægt at fella niður skuldir við Alþjóðabankann, svæðisbundna þróunarbanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Um 35 af fátækustu löndum heims hafa fengið skuldir sínar felldar niður með þessum hætti.

EINFALDAR LAUSNIR – SNÖGGUR ÁVINNINGUR

Það er ekki til nein fljótverk og einföld lausn á fátækt í heiminum, engin einföld uppskrift sem leysir öll vandamál heims hinna fátæku í eitt skipti fyrir öll. Heldur snýst málið um úthald og þolinmæði því fjárfestingar sem gerðar eru í dag, t.d. í heilbrigðismálum


og menntun, skila fyrst árangri eftir fimm, tíu eða jafnvel 25 ár.

En þetta er ekki allur sannleikurinn. Oft má leysa erfið vandamál með einföldum lausnum, lausnum sem til skamms tíma geta bjargað mannlífum og bætt lífskjör milljóna manna.

ÞRÓUNARÆÐSTOÐ FRÁ RÍKUM LÖNDUM SEM % AF VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM 2011

ÞAU FIMM LÖND SEM VEITA MEST

Svíþjóð	1,02
Noregur	1,00
Lúxemborg	0,99
Danmörk	0,86
Holland	0,75



Heimild: Sipri, Vörldsbanken, OECD, UNAIDS

ÞAU FIMM LÖND SEM VEITA MINNST

Grikkland	0,11
Suður-Kórea	0,12
Japan	0,18
Ítalía	0,19
Bandaríkin	0,20

Heimild: OECD 2012

MEIRI ÁHERSLA Á HERNÆÐ EN ÞRÓUNARÆÐSTOÐ

Árið 2010 var 129 milljörðum dala varið í þróunaraðstoð til fátækra landa, hærrí upphæð en nokkru sinni fyrr. Þetta hljómar kannski eins og miklir peningar, en upphæðin samsvarar ekki nema tæplega mánaðarútgjöldum heimsins vegna hernaðar. Evrópusambandið og Alþjóðagaldreyrissjóðurinn vörðu álíka upphæð í stuðningspakka til að bjarga bönkunum á Írlandi árið 2010 – en þá snérist málið bara um að hjálpa einu landi.

Framlag til baráttu gegn HIV/alnæmi nemur hins vegar ekki nema 7,6 milljörðum á ári – þó það sé sjúkdómur sem næstum 35 milljónir manna eru smitaðir af og sem dregur 1,8 milljónir til dauða árlega.

Takið einnig eftir að upphæðin sem erlent farandverkafólk sendir á hverju ári heim til fjölskyldna sinna, er 2,5 sinnum hærrí en samanlögð þróunaraðstoð á alþjóðavísu.

»Það eru til tiltölulega einfaldar lausnir á flóknum vandamálum, lausnir sem til skamms tíma geta bjargað mannlífum og bætt lífskjör milljóna.«

Einfaldar lausnir

– snöggur ávinningur

Aðgerðir til að bæta heiminn snúast oft um úthald og þolinmæði. Þó eru til einfaldar og fljótvirkar lausnir í baráttunni gegn fátækt.

Árið 2002 setti Kofi Annan, þáverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á fót starfshóp – Þúsaldarverkefnið – en hlutverk hans var að semja raunhæfa framkvæmdáætlun til að ná þúsaldarmarkmiðunum. Í lokaskýrslu sinni kynnti hópurinn nokkrar einfaldar aðgerðir sem hafa reynst vel og geta skilað árangri á skömmum tíma í baráttu gegn fátækt:

- Afnema skólagjöld og skólabúninga.
- Sjá fátækum bændum í Afríku sunnan Sahara fyrir ódýrum og góðum áburði.
- Þjóða öllum börnum upp á skólamáltíðir, gerðar úr hráefni frá viðkomandi svæði.
- Dreifa ókeypis moskítónetum til allra barna sem búa á svæðum þar sem hætta er á malaríu.
- Afnema gjöld fyrir grunnþjónustu í heilsugæslu í lágtekjulöndum.
- Auka aðgang að fræðslu um kynlíf og kynheilsu, þ.m.t. upplýsingar um getnaðarvarnir og fjölskylduáætlanir.
- Auka notkun lyfja sem hafa reynst vel við alnæmi, berklum og malaríu.
- Sjá til þess að öll sjúkrahús og allir skólar hafi aðgang að vatni og hreinlætisaðstöðu.
- Framkvæma herferðir á landsvísu til að draga úr ofbeldi gegn konum.

Að draga úr fátækt, sporna gegn loftslagsbreytingum og berjast gegn óréttlæti virðast kannski þung og erfið verkefni að takast á við. Allir geta þó lagt sitt af mörkum til að skapa forsendur fyrir betri heimi – við þurfum bara að vita hvar á að byrja. . .

Allir geta lagt
eitthvað af
mörkum til
að bæta
heiminn!



Ef þú veist hvað veldur óréttlæti getur þú líka tekið þátt í að koma í veg fyrir það. Byrjaðu því á að afla þér þekkingar á vandamálinu sem þú vilt leysa. Þú getur til dæmis leitað upplýsinga á Netinu, í bókum eða dagblöðum. Þú getur líka haft samband við samtök sem vinna að sérstöku málefni og beðið þau um að aðstoða þig með hugmyndir eða sambönd. Reyndu líka fylgjast með málþingum þar sem fjallað er um málin sem þú vilt leggja lið – þar gefast oft tækifæri til að bera fram spurningar og kynnst fólki.

STOFNAÐU LESHRING

Ágætis aðferð til að læra meira um tiltekið málefni er að stofna eða taka þátt í leshring.

Hafðu samband við námsflokka á þínu heimasvæði og spurðu hvernig þú átt að bera þig að og hvaða aðstoð er í boði. Þar geturðu fengið upplýsingar um námsefni og kennara og annan stuðning.

STATTU FYRIR HERFERÐ

Herferðir geta haft margvíslegan tilgang. Til dæmis að vekja athygli á tilteknu málefni, að safna fé til styrktar sérstöku verkefni eða að reyna að hafa áhrif á stjórnámamenn og aðra ráðamenn til að skipta um skoðun eða taka ákveðið málefni upp.

Þú þarft ekki að vera í samtökum eða stjórnámaflokki til að hrinda af stað herferð þó það geti stundum komið sér vel.

Að spyrja fólk um afstöðu þess til tiltekins máls, t.d. með spurningalístum eða skoðanakönnunum, reynist oft góð leið til að skapa umræðu og ná athygli fjölmiðla.

Mótmælaaðgerðir og uppákomur geta líka verið áhrifarík aðferð til að koma skoðun sinni á framfæri. Ef þú vilt beina máli þínu til tiltekins stjórnáamanns eða ráðamanns, geta heimsóknir til að kynna málstaðinn og opin bréf verið áhrifarík. Oft eru yfirveguð rök og samtal vænlegri til árangurs en háværar kröfur og árásir. Þú getur líka haft beint samband við fulltrúa þinn á þingi eða aðra ábyrga stjórnáamann.

Innsendar greinar og blaðgreinar er einnig góð leið til að miðla þekkingu og skapa umræður um tiltekið málefni. Svæðisblöð taka oft við innsendum greinum ef þær eru ekki of langar.

NOTAÐU SAMSKIPTAMIÐLA

Gleymdu ekki að nýta þín eigin sambönd og tengslanet til að koma skilaboðum þínum á framfæri. Á Facebook, Twitter og öðrum samskiptamiðlum er einfalt að stofna áhugahópa, miðla upplýsingum og hvetja fólk til þátttöku.

TAKTU ÞÁTT Í SJÁLBOÐASTARFI

Á öllum Norðurlöndunum og víðar er fjöldi sjálfbodasamtaka og félagasamtaka – t.d. umhverfishópar, félagslegar hreyfingar, menningarfélög og kvennahópar. Sum samtök einbeita sér að sérstöku máli, önnur vinna að því að miðla þekkingu um og hafa áhrif á viðtæka

málaflokka sem hafa áhrif á þróun mála í heiminum. Önnur einbeita sér að tilteknu landi eða svæði, enn önnur starfa um allan heim.

Það eru margar leiðir til að taka þátt í eða styðja starfsemi þessara samtaka. Flest bjóða þau upp á aðild sem dregur þig sjálfkrafa inn í starfið. Önnur standa fyrir meira eða minna sjálfstæðum verkefnum sem hægt er að taka þátt í og önnur getur þú látið nægja að styðja fjárhagslega.

Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í viðleitni til að draga úr fátækt í heiminum og leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar á hnattvísu. Það er því mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu að styðja og efla félagasamtök. Mörg frjáls félagasamtök starfa með systursamtökum og samstarfsaðilum um allan heim og hafa því oft góð sambönd á svæðunum og geta þess vegna náð beint til fólksins sem þarf á aðstoð að halda.

STOFNAÐU EIGIN SAMTÖK EÐA TENGSLANET

Ef engin samtök eru á þínu heimasvæði sem starfa að áhugamálum þínum, getur þú stofnað eigið tengslanet eða samtök. Oft er hægt að leita til sveitarfélagsins um styrki til félagsstarfs á svæðinu. Hafðu samband við sveitarfélagið og spurðu hvernig þú eigir að bera þig að. Ef þú ert í skóla getur þú einnig spurst fyrir um hvort skólinn veiti fjárhagsaðstoð eða styrki nýstofnuð félagasamtök á einhvern hátt.

ÞÁTTTAKA Í PÓLÍTÍSKU STARFI

Stjórnmalaflokkarnir eru grunnstoðir í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Aðild að stjórnmalaflokki útilokar ekki þátttöku í öðrum samtökum. Ef þú vilt ganga í stjórnmalaflokk getur þú verið virk á margan hátt. Í flestum stjórnmalaflokkum starfa leshringar, nefndir og starfshópar um ýmis málefni. Innan flokkanna eru einnig sérstakar undirdeildir, til dæmis ungliðahreyfing eða kvennasamtök, sem oft taka þátt alþjóðlegu samstarfi. Hafðu samband við flokksfélagið í þinni heimabyggð og spurðu hvernig þú getir tekið í þátt í starfi að þeim málum sem þú hefur áhuga á.

HAFÐU SAMBAND VIÐ STÉTTARFÉLAGIÐ

Stéttarfélögin taka oft þátt í alþjóðlegu samstarfi. Það getur verið samstarf við systursamtök, aðstoð við að efla réttindi vinnandi fólks í öðrum löndum sem á undir högg að sækja eða fræðsla um alþjóðleg málefni. Ef þú ert í stéttarfélagi getur þú haft samband við félagið þitt og kynnt þér möguleikana á þátttöku í þessu starfi.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SAFNAÐARFÉLAGIÐ

Alþjóðasamtök trúfélaga í Svíþjóð og á Íslandi á sér langa sögu. Spurðu safnaðarfélagið þitt um alþjóðastarf á þess vegum og hvernig þú getir lagt því lið.

Svona getur þú orðið þátttakandi:

- **AFLAÐU ÞÉR ÞEKKINGAR.** Ef þú veist hvað veldur óréttlæti er auðveldara að vinna að breytingum á því.
- **TAKTU ÁBYRGÐ.** Það erum við, íbúar ríku landanna, sem notum mesta orku og lífshættir okkar ganga mest á auðlindir jarðar. Kynntu þér hvernig þú getur dregið úr áhrifum þínum á umhverfið.
- **VINNIÐ SAMAN.** Hafðu samband við aðra sem hafa áhuga, vinnið saman að breytingum. Þú getur t.d. gengið í samtök, eða stofnað eigin samtök.
- **TAKTU AFSTÖÐU.** Skráðu þig á undirskriftarlista um málefni sem þér finnast mikilvæg. Taktu þátt í málþingum, fundum og herferðum. Sendu greinar í dagblöð eða stofnaðu til fjársöfnunar.

- **BYGGÐU Á EIGIN SAMBÖNDUM.** Notaðu eigin sambönd og tengslanet til að koma boðskap þínum á framfæri. Á Facebook, Twitter og öðrum samskiptamiðlum er einfalt að stofna áhugahópa, miðla upplýsingum og vekja áhuga annarra með ýmsum hætti.
- **HAFÐU ÁHRIF Á VALDHAFNA.** Hafðu samband við stjórnmalamenn með því að skrifa bréf, senda tölvupóst eða hringja í þá. Segðu frá hvers þú hefur orðið vísari, láttu skoðun þína í ljós og stingdu upp á lausnum.
- **SPURÐU OG GERÐU KRÖFUR.** Sjáðu til þess að skólinn þinn, vinnustaður eða verslun kaupir inn sanngirnissvottaðar (fair-trade) og vistvænar vörur. Ef við sem neytendur gerum kröfur til vöru og þjónustu sem við kaupum, leggjum við okkar af mörkum til sanngjarnrar og sjálfbærrar þróunar.

Flokkun landa

Eins og fyrr var nefnt getur verið ástæða til að draga í efa flokkun okkar á löndum heimsins. Það er vegna þess að flokkunaraðferðirnar draga oft upp ranga mynd af raunverulegu ástandi í heiminum.

Enn er algengast að flokka lönd heimsins í svokölluð iðnþróuð lönd og þróunarlönd. Stundum eru líka notuð hugtökin norður og suður eða talað um fátæk og rík lönd. Slík uppskipting snýst oft um að skipa öllum heiminum í tvo flokka, í öðrum flokknum eru þá lönd þar sem þróun hefur gengið vel og í hinum flokknum eru lönd þar sem þróunin hefur verið langtum hægar.

Vandinn við þessa flokkun er að ekki er til nein skýr skilgreining á því hvað þróunarland er. Að auki er svona uppskipting ekki lengur í samræmi við raunverulegt ástand í heiminum hvað varðar þróun (sjá bls. 25).

Algengasta skilgreiningin á iðnþróuðum löndum – eða þróuðum löndum – nær yfir Vestur-Evrópu, Bandaríki Norður-Ameríku

(en ekki Mexíkó), Japan, Ástralíu, Nýja-Sjáland og stundum Suður-Kóreu. Öll önnur lönd teljast til þróunarlanda. Singapúr er til dæmis flokkað með þróunarlöndum, þrátt fyrir háar ævilíkur, háar tekjur og hátt menntunarstig.

Ef gera á greinarmun á löndum eftir efnahagslegu og félagslegu þróunarstigi þeirra er til betri leið til að flokka lönd heimsins!

FLOKKUN EFTIR EFNAHAGSÁSTANDI

Algengast er að flokka löndin eftir heildartekjum þeirra. Á grundvelli vergra þjóðartekna eru löndin flokkuð í þrjá flokka, lág-, meðal-, og hátekjulönd.



Ljósmynd: UN/Photo: Eskinder Debebe

»Í dag eru ekki nema 35 lönd í flokki lágtekjulanda og flest þeirra, en þó ekki öll, eru í Afríku sunnan Sahara. «

Æ fleiri lönd flokkast sem hátekjulönd og í þeim flokki eru nú 70 lönd, þ.á.m. Svíþjóð og Ísland. Í dag eru ekki nema 35 lönd í flokki lágtekjulanda og flest þeirra, en þó ekki öll, eru í Afríku sunnan Sahara.

Það þýðir að í dag eru flest lönd, 110 alls, flokkuð sem meðaltekjulönd. Í þessum stóra flokki eru tveir undirflokkar, annars vegar lönd með lægri meðaltekjur og hins vegar lönd með hærri meðaltekjur. Mörg lönd í Rómönsku-Ameríku, Asíu og í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum eru í þessum flokki.

Aðalkosturinn við að flokka ríki heims samkvæmt skýrum og ákveðnum skilgreiningum er að þegar þróunarstig landanna breytist færast þau á milli flokka. Sambía, Gana og Laos eru þrjú dæmi um lönd sem eru ekki lengur talin meðal lágtekjulanda. Taíland, Kína, Maldíveyjar og Túnis eru hins vegar dæmi um lönd sem frá og með árinu 2010 eru flokkuð sem meðalhátekjulönd.

FLOKKUN EFTIR LÍFSKJARABRÓUN (HUMAN DEVELOPMENT)

Þegar flokkað er á grundvelli tekna er vandinn sá að þá er ekki tekið tillit til annarra þátta sem hafa áhrif á þróunarstig viðkomandi lands. Til að mæta þessum vanda kynnti Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna 1990 það sem kallað er vísitala lífskjarabróunar (e: Human development index, HDI), (þú getur lesið meira um vísitölu lífskjarabróunar á bls. 8–10). Auk þess að mæla tekjustig tekur vísitala lífskjarabróunar einnig mið af heilsufari (mælt í ævilíkum) og menntunarstigi (mælt í læsi og skólagöngu). Á grundvelli þessara þátta er reiknað út gildi fyrir viðkomandi land. Þetta gildi er hægt að bera saman við gildi annarra landa og á milli ólíkra tímasteiða.

Á grundvelli vísitölu lífskjarabróunar er löndunum raðað í fjóra jafnstóra flokka - mjög há, há, meðalhá og lág þróun lífskjara. Kosturinn við þessa flokkun er að hún dregur

FLOKKUN LANDA EFTIR VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM Á ÍBÚA, 2012:

Hátekjulönd (70)	Meira en 12. 275 dalir
Meðalhátekjulönd – lægri (56)	3.975–12.275 dalir
Meðallágtekjulönd – hærri (54)	1.006–3.975 dalir
Lágtekjulönd (35)	Minna en 1.006 dalir

Heimild: Vörldsbanken

upp nákvæmari mynd af þróunarstigi landanna – ekki bara meðaltekjum. Þættir eins og menntunarstig og ævilíkur segja einnig betur til um skiptingu verðmæta og um þau lífskjör sem fólk í landinu býr við. Undanfarin ár hefur UNDP þróað vísitölu um lífskjarapróun þar sem höfð er enn frekari hliðsjón af ójöfnuði innanlands.

Vandamálið með vísitölu lífskjarapróunar er að erfiðara er að lýsa henni. Hvað þýðir það eiginlega að í tilteknu landi sé lífskjarapróun meðalhá? Tekjustig er einföld stærð sem er auðskiljanlegri og auðveldara að útskýra, það er kannski ástæðan fyrir því þessi flokkun er svo algeng.

Það kemur vart á óvart að báðar flokkunaraðferðirnar skila svipuðum niðurstöðum – í löndum með háar tekjur er lífskjarapróun oft há líka og öfugt. Tekjur á íbúa og þróun lífskjara fara þó ekki alltaf saman. Á Kúbu og í Síle er lífskjarapróun til dæmis há en löndin eru þó flokkuð sem meðaltekjulönd. Á sama hátt er Sambía ekki lengur talin með lágtekjulöndum. Sambía er þó neðarlega á listanum yfir lífskjarapróun (númer 164 af 187) og telst því meðal landa þar sem þróun lífskjara er á lágu stigi.

FÁTÆKUSTU ÞRÓUNARRÍKIN

Svokölluð LDC-lönd (e: Least Developed Countries) eru lönd þar sem hagkerfin eru veikburða og eru skilgreind út frá: a) lágum tekjum, mælt í vergum þjóðartekjum b) slökum mannaúði, , m.a. vegna lélegs

heilsufars, lágs menntunarstigs og lítillar lestrar-kunnáttu ásamt c) veikburða efnahag, m.a. vegna fárra íbúa, óstöðugrar landbúnaðarframleiðslu og óstöðugs innflutnings.

Í dag eru 49 ríki í þessum flokki og flokkunin er notuð til vekja sérstaka athygli á löndum sem þurfa mest á frekari þróun að halda.

LANDFRÆÐILEG FLOKKUN

Auk þess sem lönd eru flokkuð eftir þróunarstigi getur oft þurft að skipta heiminum upp í landssvæði. Til að átta sig á þróun hentar oft betur að flokka heiminn út frá svæðum en út frá heimsálfum.

Það veldur þó vanda að margar stofnanir nota ólíkar flokkunaraðferðir og því getur verið erfitt að bera saman staðtölur frá mismunandi stofnunum Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum stofnunum.

Sameiginlegt með flestum svæðaskiptingum er þó að Afríka sunnan Sahara myndar sérstakan hóp og að Norður-Afríka er annað hvort talin sem sérstakur hópur eða skipað í hóp arabalanda (sem einnig nær yfir Mið-Austurlönd, Íran og Írak).

FLOKKUN SEM UNDP NOTAR Í ÁRSSKÝRSLUM ER EFTIRFARANDI:

- Afríka sunnan Sahara
- Norður-Afríka og Mið-Austurlönd
- Evrópa og Mið-Asía
- Suður-Ameríka og Karíbahaf
- Suður-Asía
- Austur-Asía og Kyrrahaf
- OECD-ríkin

Í ársskýrslu framkvæmdastjóra

Sameinuðu þjóðanna um þúsaldarmarkmiðin eru löndin einnig flokkuð landfræðilega en á dálítið annan hátt:

ÞRÓUNARSVÆÐI:

- Afríka sunnan Sahara
- Mið-Asía og Kákasus
- Norður-Afríka
- Eyjaálfa
- Vestur-Asía
- Suður-Asía
- Suðaustur-Asía
- Austur-Asía

ÞRÓUÐ SVÆÐI:

- Ástralía
- Evrópa
- Kanada
- Nýja-Sjáland
- Bandaríkin

Alþjóðabankinn, sem m.a. stendur fyrir mælingum á fátækt og tekjum landa, notar hins vegar enn aðra flokkun. Sú flokkun er næstum sú sama og hjá UNDP, en tekur þó til fleiri ríkja og það torveldar beinan samanburð.

- Afríka sunnan Sahara
- Norður-Afríka og Mið-Austurlönd
- Evrópa og Mið-Asía
- Suður-Ameríka og Karíbahaf
- Suður-Asía
- Austur-Asía og Kyrrahaf





A young boy with dark, curly hair and a serious expression is looking through a chain-link fence. He is wearing a green shirt. The background is slightly blurred, showing trees and a bright sky. The text "Meira um hnattræna þróun" is overlaid in white on the upper left portion of the image.

Meira um hnattræna þróun

Það eru margar leiðir til að fylgjast með þróun í heiminum. Hér eru nokkur ráð um það hvar þú getur fundið nánari upplýsingar um ástandið í heiminum og þær breytingar sem orðið hafa undanfarna áratugi.

ÍSLENSKUR KENNSLUVEFUR UM PRÓUNARMÁL

Á vefnum www.komumheiminumilag.is getur þú fundið ýmiss konar upplýsingar um þróunar- og mannúðarmál, m.a. íslensku þýðinguna á þessari bók: Verður heimurinn betri? Einnig fræðsluefni frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands og fjölmörgum frjálsum félagasamtökum sem unnið hafa að þróunastarfi. Hvað hafa Íslendingar gert til að bæta heiminn? Kynnið ykkur starfsemi á vegum íslenskra aðila!

VERÐUR HEIMURINN BETRI? Á NETINU

Efni þessarar bókar er einnig að finna á Netinu – með hreyfimyndum, myndskreiðum, námsefni og hugmyndum að fleiri umræðuefnum. Þú finnur þetta efni á www.komumheiminumilag.is

SKÝRSLUR FRÁ NÆRRI ÖLLUM LÖNDUM HEIMS

UNDP er hnattrænt tengslanet Sameinuðu þjóðanna um þróun, og starfar næstum í öllum löndum heims. Á www.undp.org getur þú lesið meira um það sem gert er til að draga úr fátækt í heiminum og finna staðbundnar lausnir til að efla lýðræði, koma í veg fyrir átök, umhverfisspjöll og útbreiðslu smitsjúkdóma.

ÁRSSKÝRSLA UM LÍFSKJARAPRÓUN

Human Development Report er þróunarskýrsla UNDP um lífskjarapróun sem kemur út árlega. Þar er að finna ókjör af tölfræði og öðrum upplýsingum um þróun í löndum heimsins. Þær getur þú m.a. fundið á <http://hdr.undp.org/en/>

VEFTÍMARIT UM PRÓUNARMÁL

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, www.iceida.is, gefur út flestar vikur ársins veftímaritið Heimsljós þar sem er að finna fréttir og greinar og myndbönd um þróunarmál í heiminum. Í blaðinu er vísað í fjölmargar krækjur um mannúðar- og þróunarmál og hægt er að gerast áskrifendur að blaðinu á Fésbókinni með því að slá inn leitarorðin: veftímarit um þróunarmál.

VEFUR UM ÞÚSALDARMARKMIÐIN

Á vefnum www.2015.is getur þú fundið upplýsingar um framgang þúsaldarmarkmiðanna. Þar eru líka krækjur á fleiri alþjóðlegar vefsíður þar sem frekari upplýsingar er að finna. Leiðtogar heimsins hafa heitið því að þúsaldarmarkmiðunum skuli náð fyrir árið 2015. Fylgstu með hvernig það gengur!

GLOBALIS.is

Globalis er gagnvirkur heimsatlas þar sem þú getur fengið kort og gröf að eigin óskum. Tilgangur Globalis er að bregða ljósi á hvað er líkt og ólíkt í samfélagi manna og hvernig við höfum áhrif á hnöttinn, óstudd en einnig með aðstoð.

FRÓÐLEGAR STAÐTÖLUR

Til er fjöldi forrita með hreyfimyndum um þróun heimsins sem hægt er að hlaða ókeypis niður af netinu. Gapminder er sænsk stofnun sem sér almenningi fyrir tölfræðilegum upplýsingum og hagnýtum tólum til að birta þær, án endurgjalds. Myndritin í þessari bók, sem sýna þróunina í heiminum, eru m.a. frá Gapminder-stofnuninni. Nýr hugbúnaður er lagður jafnóðum út á www.gapminder.org.



VERÐUR HEIMURINN BETRI? Svarið ræðst af því hvern þú spyrð og hvað þú kýst að bera saman.

Einhverjir myndu svara því að ástandið í heiminum hafi aldrei verið betra: fleiri og fleiri kunna að lesa og skrifa, hlutfall fátækra lækkar, fleiri hafa aðgang að hreinu vatni og ævilíkur aukast næstum því alls staðar í heiminum.

Aðrir munu svara að óréttlæti hafi aldrei verið meira í heiminum, að munur á þeim fátækustu og ríkustu fari vaxandi og að þróunin sé hægar í dag en hún var fyrir 20 árum.

Í þessari bók er stuðst við nýjar tölur til að lýsa þróun heimsins undanfarna áratugi.



Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, UNDP, starfar í 177 löndum og er hnattrænt tengslanet um þróun líf skjara. Við tengjum lönd með þekkingu, reynslu og fjármagni sem styður fólk til að bæta líf sitt.

Sími: 08-545 232 50

Netfang: info@undp.se

www.undp.se

*Empowered lives.
Resilient nations.*